# FRÉTTABLAÐIÐ

183. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 9. ÁGÚST 2019




Flugmennirnir Matt Jones og Steve Brooks voru kampakátir eftir erfitt flug til Reykjavíkur. Þeir eru að fljúga Spitfire-orrustuvél í kringum hnöttinn og er Ísland fjórði viðkomustaðurinn. „Þessi vél breytti sögunni. Við eigum frelsi okkar henni að þakka,“ sagði Brooks. Byssurnar voru óþarfar þannig að þeim var skipt út fyrir eldsneytistanka. Sjá síðu 6 FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

# Rúmur hálfur milljarður gæti glatast

**Verði ekki flogið til Akureyrar í vetur gætu fyrirtæki á svæðinu tapað rúmum hálfum milljarði króna. Helmingur flugsætanna var seldur og reiknað er með að níu þúsund gistinætur glatist á tveimur mánuðum. „Mikið högg,“ segir formaður bæjarráðs Akureyrar.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Um hálfur milljarður gæti tapast í norðlenskri ferðaþjónustu vegna gjaldþrots ferðaskrifstofunnar Super Break. Unnið er að því að fá nýja aðila til að fljúga til Akureyrar í vetur þar sem nú þegar er búið að selja um helming þeirra flugsæta sem voru í boði. Framkvæmdastjóri Markaðsstofu Norðurlands segir um mikla blóðtöku að ræða.

„Það er búið að leggja peninga í markaðssetninguna og við erum að skoða að fá nýja aðila að borðinu. Við vorum að fara inn í þriðja árið með Super Break og því hefur komið ágætis reynsla á þetta flug,“ segir Arnheiður Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Norðurlands.

**» Málefni Akureyrarflugvallar voru rædd á samráðsfundi ríkisstjórnarinnar og sveitarstjórna í gær.**

„Þetta verður högg fyrir fyrirtæki á svæðinu. Við reiknum með að þetta verði um 9.000 gistinætur sem gætu tapast í febrúar og mars og vegna árstíðasveiflna í ferðaþjónustu á Norðurlandi er um mikla veltu að ræða á þessum árstíma.“ Arnheiður vonast hins vegar til að markaðssetningin hafi skilað sér til fleiri aðila og að önnur fyrirtæki séu til í að stökkva á millilandaflug milli Akureyrar og meginlands Evrópu eða Bretlandseyja.



**Guðmundur Baldvin Guðmundsson.**



**Arnheiður Jóhannesdóttir.**

Guðmundur Baldvin Guðmundsson, formaður bæjarráðs Akureyrar, segir málið í deiglunni á Akureyri og því verður rætt við ráðamenn þjóðarinnar um hvað sé hægt að gera til að fjölga ferðamönnum norður á Akureyri.

„Við munum funda með þingmönnum og fara yfir stöðuna. Það er klárt mál að ef enginn kemur inn í þetta mun þetta hafa áhrif á ferðaþjónustuna. Við viljum og munum ekki gefast upp í þeirri baráttu heldur snúa bökum saman,“ segir Guðmundur Baldvin. „Einnig höfum við rætt við Isavia og lagt áherslu á að ef við ætlum að taka við auknu flugi þurfi að flýta uppbyggingu flugstöðvarinnar á Akureyrarflugvelli.“

Málefni Akureyrarflugvallar voru rædd á samráðsfundi ríkisstjórnarinnar og sveitarstjórna á svæðinu sem haldinn var í Mývatnssveit í gær. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru ráðherrar áfram um að byggja upp ferðaþjónustu með beinu millilandaflugi um Akureyrarflugvöll. **– sa**




## Veður




Norðlæg átt 5-13 m/s. Lengst af rigning eða súld á Norður- og Austurlandi, hiti 5 til 10 stig. Yfirleitt léttskýjað sunnan heiða með hita 12 til 17 stig yfir daginn.

SJÁ SÍÐU 16



**Sheeran á tónleikum í Ungverjalandi í fyrradag.** NORDICPHOTOS/GETTY

# MSF fylgja Ed Sheeran

**MENNING** Alþjóðlegu mannúðarsamtökin Læknar án landamæra, MSF, munu taka þátt í tónleikahaldi breska tónlistarmannsins Eds Sheeran á Laugardalsvelli á morgun og sunnudag. Samtökin munu kynna störf sín með sýningu sem sett verður upp á tónleikasvæðinu. Þetta kemur fram í tilkynningu frá MSF.

„Ég bauð MSF með í tónleikaferðalagið til að sýna ykkur þá neyðaraðstoð sem þeir veita víðs vegar um heim, oft á hættulegustu og afskekktustu stöðum sem til eru. Ég bið um að þú takir þér tíma til að ræða við MSF og hjálpir þeim við að bjarga mannslífum með því að styðja starf þeirra,“ segir Sheeran.

Sheeran kom til landsins í fyrrinótt og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun hann dvelja dágóða stund á Íslandi og njóta íslenskrar náttúru.

Mikil eftirvænting ríkir fyrir tónleikana. Ísleifur Þórhallsson hjá Senu Live segir söluna á seinni tónleika Sheerans hafa tekið kipp á undanförnum dögum.

„Ég veit auðvitað ekki hvort það verður uppselt en ef það verða 20-25 þúsund manns á seinni tónleikunum erum við að tala um 50-55 þúsund manns í heildina en það eru 15 prósent af þjóðinni og það bara hlýtur að vera heimsmet,“ segir Ísleifur. **– ab, oæg**

# Baráttufólk prýðir strætisvagn




Ugla Stefanía Jónsdóttir, Anna Kristjánsdóttir, Hörður Torfason og Margrét Pála Ólafsdóttir eru meðal þeirra sem prýða vagn Strætó bs. í tilefni af 20 ára afmæli Hinsegin daga. Hinsegin dagar voru settir í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

FRÉTTABLAÐIÐ **+PLÚS** Fleiri myndir af Hinsegin dögum eru á +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Frettabladid.is.**



**Skólinn rifinn.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Kársnesskóli endurbyggður

**SKIPULAGSMÁL** Tillaga Batterísins – arkitekta að 5.500 fermetra nýbyggingu Kársnesskóla við Skólagerði hefur verið samþykkt í bæjarráði Kópavogs.

Húsnæði Kársnesskóla var rifið í fyrrahaust vegna raka- og mygluvandamála. Meginbyggingin nýja á að verða tveggja og þriggja hæða. Í skólabyggingunni verður samrekinn leik- og grunnskóli ásamt frístund. „Það eru gríðarlega spennandi tímar fram undan,“ segir Björg Baldursdóttir, skólastjóri Kársnesskóla, við Fréttablaðið þegar niðurrifið var að hefjast í fyrra. **– gar**

# Öldungur í sjálfheldu vill efndir frá ráðherra

Hjörleifur Hallgrímsson á Akureyri segist sitja uppi með verðlausa lóð vegna kröfu um fornleifauppgröft. Sagnfræðingur er 99,9 prósent viss um að engar fornleifar séu á lóðinni. Hjörleifur segir menningarmálaráðherra hunsa sig.



**Hjörleifur Hallgrímsson vill byggja íbúðarhús á lóðinni á Aðalstræti 12b, staðan er enn óbreytt frá því 13. apríl í fyrra.** FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

**SKIPULAGSMÁL** „Það er svo gjörsamlega út í hött að Minjastofnun geti stoppað mig af þannig að ég geti ekki einu sinni losað mig við lóðina,“ segir Hjörleifur Hallgrímsson, eigandi Aðalstrætis 12b á Akureyri.

Eins og kom fram í Fréttablaðinu í apríl í fyrra hefur Hjörleifur viljað byggja íbúðarhús á lóð sinni á Aðalstræti sem hann keypti fyrir sjö árum. Sjálfur bjó hann í æsku í húsi sem þar stóð og hafði áður hýst Hótel Akureyri. Haustið 2017 var hann tilbúinn að hefja jarðvegsframkvæmdir og búið að mæla út fyrir húsi þegar hann fékk tölvupóst frá skipulagsstjóra bæjarins um að fyrst þyrfti að ganga úr skugga um hvort fornleifar leyndust þar. Var þetta að kröfu Minjastofnunar og átti Hjörleifur að kosta uppgröft á lóðinni.

„En mér kemur þetta fjárann ekkert við og ég borga ekki fyrir neinn uppgröft. Ég get gefið þeim leyfi til að grafa en ég fer ekki að borga nærri milljón enda er ég ellilífeyrisþegi og hef ekkert efni á því,“ segir Hjörleifur.



## Ellilífeyrisþega gert að kosta fornleifauppgröft

Hjörleifur Hallgríms á að greiða laun, akstur, dagpeninga, gistingu og fæði fornleifafræðinga sem kanna hvort minjar leynist á byggingarlóð hans á Akureyri. Hjörleifur segist telja það ólög sem leggi slíkan kostnað á herðar ellilífeyrisþega.

**SKIPULAGSMÁL** „Það er svo galið allt saman í kring um þetta og ég, sem er kominn á gamals aldur, er orðinn hundþreyttur á þessu veseni,“ segir Hjörleifur Hallgríms sem stendur í ströngu við að fá að byggja á lóð sinni í innbæ Akureyrar.

Hjörleifur keypti fyrir sex árum lóðina Aðalstræti 12b. „Ég keypti þessa lóð því þarna eru æskustöðvar mínar og mig langar kannski að flytja þarna inn,“ segir hann. Á lóðinni stóð Hótel Akureyri. Eftir að hótelrekstrinum var hætt bjó Hjörleifur þar með foreldrum sínum eins og fleiri. Húsið brann til kaldra kola á sjötta áratug síðustu aldar.

„Ég má byggja hús sem er 117 fermetrar á tveimur hæðum með risi og hálfum kjallara en hef staðið í stríði við skipulagsdeild Akureyrar öll þess ár um að fá að vera með fjórar litlar íbúðir,“ segir Hjörleifur sem kveðst hafa kært synjunina um leyfi fyrir íbúðunum fjórum.

„En ég ætlaði samt að byrja að grafa í haust og láta bara slag standa en þá var mér sagt að Minjastofnun stoppi það af á þeim forsendum að það sé talið að það séu fornminjar undir í lóðinni,“ segir Hjörleifur. Ofan í tafirnar eigi hann að borga fornleifarannsóknina úr eigin vasa.

Rúnar Leifsson, minjavörður Norðurlands eystra, segir í bréfi til Hallgríms að könnunarskurður sumarið 2015 hafi leitt í ljós vegg undir brunarústum Hótels Akureyrar. Veggurinn sé hugsanlega úr eldri byggingu. Á lóðinni hafi meðal annars verið hluti Konungsverslunarhúsanna gömlu. „Til að skera úr um eðli og dreifingu fornleifa sem leynast undir sverði á lóð Aðalstrætis 12b þarf að kanna nánar svæðið frekar með skurðum.“

„Mér er sagt að gröfturinn myndi kosta tæpa milljón. Ég á að leggja út fyrir þessu en ég er ellilífeyrisþegi með tæpar 250 þúsund krónur á mánuði og hef engin efni á því,“ segir Hjörleifur sem bað um sundurliðaða kostnaðaráætlun. Samkvæmt henni á að greiða laun, dagpeninga, akstur, gistingu og fæði fornleifafræðinga sem ætla að vinna í samtals 32 stundir á lóðinni. Síðan bætast við sextán stundir í úrvinnslu.

Í bréfi minjavarðar er vitnað til laga um menningarminjar frá árinu 2012: „Framkvæmdaaðili greiðir kostnað við rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar.“ Og alls óvíst er að Hjörleifur sleppi með þær 927 þúsund krónur sem áætlað er að könnunaruppgröfturinn kosti.

„Ákvörðun um hvort ráðast þurfi í frekari mótvægisaðgerðir mun byggja á niðurstöðum þessarar könnunar,“ segir í bréfi minjavarðarins. „Eftir atvikum er mögulegt að krafa verði gerð um heildaruppgröft minja sem kunna að koma í ljós.“

Hjörleifur segist alveg stopp. „Þetta eru þvílík ólög. Það hlýtur að skipta máli hvort um er að ræða stöndug fyrirtæki eða ellilífeyrisþega.“ gar@frettabladid.is

Hjörleifur Hallgríms bjó í æsku á Aðalstræti 12b og vill fá að byggja þar hús en kveðst vera orðinn hundþreyttur á ljónum í veginum. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Ég keypti þessa lóð því þarna eru æskustöðvar mínar.

Hjörleifur Hallgríms, eigandi Aðalstrætis 12b

Að sögn Hjörleifs er hann nú í sjálfheldu. „Ég er orðinn það gamall að héðan af fer ég ekki að byggja sjálfur og það kaupir enginn lóðina af mér með þessari kvöð á henni,“ segir hann.

Hjörleifur, sem nú er 82 ára, kveðst hafa leitað til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, til að fá lausn á málinu. Hann fékk Jón Hjaltason sagnfræðing, sem skrifað hefur um sögu Akureyrar, til að senda ráðuneytinu greinargerð. Hún er frá því í lok apríl í vor. Jón rekur byggingarsöguna á lóðinni í bréfi sínu.

„Má ég hundur heita ef þarna finnast fornleifar,“ segir Jón. Mjó strandlengjan neðan Naustahöfða hafi ekki freistað nokkurs manns í bændasamfélagi fyrri tíma. „Niðurstaðan er því sú að ég er 99,9 prósent (mig langar til að segja 100 prósent en finnst það heldur digurbarkalegt) viss um að á lóðinni við Aðalstræti 12b finnast engar fornleifar, sama hversu ítarlega væri þar leitað og grafið.“

**Má ég hundur heita ef þarna finnast fornleifar.**

Jón Hjaltason sagnfræðingur



Hjörleifur kveðst hafa hitt Lilju Alfreðsdóttur menningarmálaráðherra þegar hún kom í vor til Akureyrar til að opna sýningu þar. Það hafi verið eftir að hann sendi ráðherranum bréf ásamt greinargerð Jóns Hjaltasonar. „Þá lofaði hún mér í henni enn þá þótt ég sé margoft búinn að reyna að ná í hana. Mér þykir verst að Lilja svarar mér ekkert núna.“ **gar@frettabladid.is**

SUNSTAR
G·U·M HEALTHY GUMS. HEALTHY LIFE.

Tannlæknar mæla með GUM tannvörum

**Mundir þú eftir að bursta og skola í morgun?**

Fæst í næsta apóteki og helstu stórmörkuðum




ARTASAN
www.artasan.is




# Hinsegin dagar settir

Hinsegin dagar voru settir í gær. Dagurinn byrjaði með því að Klapparstígur var málaður í regnbogalitunum, um kvöldið var svo opnunarhátíð í Háskólabíói. Í tilefni af 20 ára afmæli Hinsegin daga og að 50 ár eru liðin frá Stonewall-uppþotunum í New York lét Strætó hanna strætisvagn til heiðurs einstaklingum úr réttindabaráttunni. Hinsegin dögum lýkur á laugardaginn í næstu viku, en þá fer Gleðigangan fram. Ernir Eyjólfsson og Sigtryggur Ari, ljósmyndarar Fréttablaðsins, fönguðu gleðina í gær.










**Nánari upplýsingar á opel.is**

**Opnunartímar**
*Virka daga 9–18*
*Laugardaga 12–16*

Bílabúð Benna



## FRÉTTABLAÐIÐ.IS

**1 Íslendingur varð fyrir alvarlegri líkamsárás í Frakklandi** Franska lögreglan hefur til rannsóknar ofbeldisbrot gegn íslenskum karlmanni á sextugsaldri.

**2 Svæsinn kuldakafli sem mun vara langt fram í næstu viku** Sumarið er senn á henda og hitatölurnar fara lækkandi í kjölfarið. Kalt verður í veðri norðanlands næstu daga.

**3 Björn Hlynur kaupir Ölver með æskufélögunum** Þrír æskuvinir úr Laugardalnum hafa formlega tekið við rekstri Ölvers í Glæsibæ.

**4 Björn Ingi edrú en gerir samt tóma vitleysu** Björn Ingi segist vilja sýna fram á að það þurfi ekki alltaf áfengi til að haga sér eins og vitleysingur.

**5 Lamdi og hrækti á hundinn sinn** YouTube-stjarna hlóð upp fyrir mistök myndbandi af sér að lemja hundinn sinn.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fáanleg á **www.frettabladid.is**

# Samdráttur í innanlandsflugi vegna fækkunar ferðamanna

**Flugfélagið Ernir, líkt og Air Iceland Connect, mun fækka ferðum í vetur og selja vélar vegna aðstæðna á markaði. Færri erlendir ferðamenn hafa mikil áhrif á Norðurflug og segir framkvæmdastjóri félagsins að veturinn fram undan verði erfiður. Hvorki Norlandair né Mýflug finna fyrir samdrætti á markaði.**

**SAMGÖNGUR** „Við vorum að breyta áætluninni frá og með 1. september og erum að fækka ferðum á flesta áfangastaði okkar,“ segir Ásgeir Örn Þorsteinsson, sölu- og markaðsstjóri flugfélagsins Ernis. „Við erum í hagræðingaraðgerðum, bæði að fækka ferðum, erum einnig með vélar í söluferli og gerum ráð fyrir samdrætti í starfsmönnum, en ekki miklum.“

Air Iceland Connect tilkynnti nýverið að það myndi fækka ferðum yfir háveturinn og selja tvær af sex vélum félagsins til að bregðast við aðstæðum á markaði. Farþegum hefur fækkað um 10 prósent, fækkunin er hlutfallslega mun meiri þegar kemur að erlendum ferðamönnum, allt að 40 prósent færri í ár en í fyrra.

Ferðum Air Iceland Connect á milli Reykjavíkur og Ísafjarðar fækkar úr tveimur í eina á dag á þriðjudögum og miðvikudögum frá nóvember fram í febrúar. Ferðum til Egilsstaða fækkar á sömu dögum úr þremur í tvær á sama tímabili. Nýverið tilkynnti félagið einnig að það myndi hætta að fljúga á milli Keflavíkur og Akureyrar í haust.

Sama er uppi á teningnum hjá flugfélaginu Erni. „Við erum að fækka ferðum til Vestmannaeyja, úr 14 niður í 10 á viku,“ segir Ásgeir Örn. „Við erum einnig að fækka ferðum til Húsavíkur niður í átta. Svo fækkum við um eina ferð á Hornafjörð.“

Einnig stendur til að fækka flugvélum. Ernir er í dag með fjórar vélar sem taka 19 farþega hver, eina 32 sæta vél ásamt minni vélum fyrir útsýnisflug.

„Það er einhver lægð í gangi, bæði meðal innlendra sem og erlendra farþega,“ segir Ásgeir Örn. „Við erum á sömu skoðun og Air Iceland Connect með framtíðina, við teljum að markaðurinn eigi eftir að jafna sig. Núna erum við bara að bregðast við stöðunni eins og hún er núna. Við erum viðbúin að gefa í þegar það gerist.“

Norlandair, sem flýgur frá Akureyri á aðra áfangastaði á Norðurlandi og til Grænlands, hefur ekki fundið fyrir samdrætti. „Við siglum bara sama sjó,“ segir Friðrik Adolfsson, forstjóri Norlandair. „Afkoma okkar byggist frekar lítið á innanlandsflugi, við erum mest á Grænlandi, og það er allt í góðum gír.“

Sama á við um Mýflug. „Við höfum ekki fundið fyrir neinum samdrætti,“ segir Leifur Hallgrímsson, framkvæmdastjóri Mýflugs. „Við erum ekkert að fara að draga saman seglin.“

Samdráttur í komu erlendra ferðamanna til landsins hefur bitnað mikið á þyrluflugi að sögn Birgis Ómars Haraldssonar, framkvæmdastjóra Norðurflugs, en nánast níu af hverjum tíu farþegum félagsins eru erlendir. „Það er þannig að við vorum taldir leiðinda svartsýnispúkar á síðastliðnu ári, en kannski erum við bara bjartsýnispúkar miðað við stöðuna í dag,“ segir Birgir Ómar.

„Við gripum til aðgerða í fyrra þar sem óveðursskýin voru að hrannast upp að okkar mati en fáir voru okkur sammála og forðuðust mig í veislum enda ekkert gaman að tala um leiðindamál.“ Birgir Ómar er ekki bjartsýnn á stöðuna og útilokar ekki að selja þyrlur. „Þessi vetur verður ekki auðveldur. Ferðaþjónusta verður alltaf til staðar en hvernig hún þróast næstu ár er erfitt að segja til um á þessari stundu.“ **arib@frettabladid.is**





**Flugfélagið Ernir kemur til með að fækka ferðum til nánast allra áfangastaða sinna í vetur.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Við teljum að markaðurinn eigi eftir að jafna sig. Núna erum við bara að bregðast við stöðunni eins og hún er núna.**



Ásgeir Örn Þorsteinsson, sölu- og markaðsstjóri hjá Flugfélaginu Erni

## Atvinnulausum fækkaði í júní

**EFNAHAGSMÁL** Fjöldi atvinnulausra var 1,5 prósentustigum minni í júní en í maí samkvæmt árstíðarleiðréttum tölum Hagstofunnar. 6.800 manns eða 3,3 prósent, voru atvinnulausir í júní, þar af eru 1.900 einstaklingar á aldrinum 16-24 ára.

Fjöldi fólks á vinnumarkaði í júní var 208.200 og var atvinnuþátttaka 81,5 prósent, það er einu prósenti meiri en í mánuðinum á undan.

„Tölurnar benda til þess að það sé þokkaleg staða á vinnumarkaði. Í ár hefur störfum frekar verið að fjölga en hitt svo við erum svona þokkalega bjartsýn. Atvinnuleysi hefur þó verið að aukast meðal yngri hópsins en það getur verið árstíðabundið. Það fjölgar oft í þeim hópi þegar skólafólkið kemur út á vinnumarkaðinn, í apríl og maí,“ segir Karl Sigurðsson, sérfræðingur hjá Vinnumálastofnun. **– bdj**





# Víða fordæmalaus staða í laxveiðiám

**NÁTTÚRA** Veiði í mörgum laxveiðiám er svo dræm þetta sumarið að menn þekkja ekki annað eins. Að mati Landssambands veiðifélaga er um fordæmalausa stöðu að ræða og segir sambandið mikilvægt að veiðimenn sleppi veiddum laxi og hugleiði það að hreinlega hlífa laxinum fyrir veiði. Formaður Landssambandsins segir aðstæðurnar nú ekki ákjósanlegar og geta leitt af sér slakan árgang.

Á heimasíðu Landssambandsins er farið yfir helstu ástæður þess að illa hafi viðrað fyrir veiðimenn þetta veiðisumarið. Þar er tíundað að dragár líði fyrir bæði úrkomuleysi og lítinn forða sem hafi farið í hlýindum og votviðri í apríl. Séu því margar ár vatnslitlar með eindæmum.

Einnig er ráðlagt að sleppa laxi til að hrygningarstofn haustsins verði sem stærstur. „Hvað veiði varðar þetta tímabilið þá er það sem er að eiga sér stað einfaldlega fordæmalaust ástand sums staðar með þeim hætti að líklega væri best að sleppa öllum laxi eða hreinlega hlífa fyrir veiði.“

Jón Helgi Björnsson er formaður Landssambands veiðifélaga. Hann segir stöðuna á mörgum stöðum lélega. „Sumar laxveiðiár eru með um 10 prósent til 20 prósent veiði miðað við sama tíma í fyrra og lítið vatn í ánum. Það er eitthvað sem við höfum ekki séð áður,“ segir Jón Helgi. „Aðstæður hafa því verið afar erfiðar til veiða.“

Hann segir þessa stöðu geta haft neikvæðar afleiðingar í för með sér en á móti kemur að árnar eru nokkuð heitar og því ættu það að vera kjöraðstæður fyrir seiði sem komast á laggirnar. „Þetta getur auðvitað þýtt að árgangurinn verði lélegur. Á móti kemur að laxárnar sem eru hvað vatnsminnstar eru mjög hlýjar og því gæti það skapað góðar aðstæður fyrir uppvöxtinn í þeim ám. Því er vonandi að þetta muni ekki hafa mikil áhrif á stofnstærðina. Það mun hins vegar bara koma í ljós seinna meir hvernig úr rætist.“ **– sa**

**Sumar laxveiðiár eru með um 10 prósent til 20 prósent veiði miðað við sama tíma í fyrra og lítið vatn í ánum.**



Jón Helgi Björnsson, formaður Landssambands veiðifélaga

blómaval

# POTTAPLÖNTU ÚTSALAN ER HAFIN

GERÐU FRÁBÆR KAUP Á POTTAPLÖNTUM

## 20-50% AFSLÁTTUR

**Mikið úrval**
Allar pottaplöntur á útsölu meðan birgðir endast






-26%
**Orkidea**
2ja greina, 12 cm pottur
**1.990kr**
~~2.690~~kr
11325000



-26%
**Rifblaðka Monstera**
Verð frá:
**1.990kr**



-33%
**Ástareldur**
**799kr**
~~1.199~~ kr.
11328305



-24%
**Friðarlilja**
Verð frá:
**899kr**
~~1.190~~ kr
11400017



-26%
**Yucca**
14 cm pottur
**1.990kr**
~~2.690~~ kr

## Þetta er aðeins brot af úrvalinu okkar

Komdu og gerðu frábær kaup



-22%
**Chrysanthemum**
10,5 cm pottur
**999kr**
~~1.290~~ kr



-50%
**Burkni**
12 cm pottur
**1.145kr**
~~2.290~~ kr
11261379



-25%
**Kaktus**
6 cm pottur
**599kr**
~~799~~ kr



-28%
**Þykkblöðungur**
6 cm pottur
**499kr**
~~699~~ kr

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.



Sigurður Ingi Jóhannsson samgönguráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Kynnir tillögu um sveitarfélög

**SVEITARSTJÓRNIR** Drög að þingsályktunartillögu Sigurðar Inga Jóhannssonar, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, um áætlun ríkisins í málefnum sveitarfélaga voru sett inn í samráðsgátt stjórnvalda í gær. Drögin byggja á grænbók um málefni sveitarfélaga sem kynnt var síðastliðið vor.

Samráð við sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila fór fram í sumar og fundaði starfshópurinn sem vann grænbókina meðal annars með öllum landshlutasamtökum sveitarfélaga.

Í skýrslu um samráðið segir að mikill samhljómur hafi verið um nauðsyn þess að efla sveitarstjórnarstigið. Það verði meðal annars gert með stækkun sveitarfélaga þótt skiptar skoðanir séu á því hvernig það skuli gert.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur boðað til aukalandsþings sem fram fer 6. september næstkomandi þar sem tillögur ráðherra verða ræddar. **– sar**



Gunnar Bragi Sveinsson, þingmaður Miðflokksins. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Höfnuðu beiðni Gunnars Braga

**ALÞINGI** Meirihluti utanríkismálanefndar hafnaði beiðni Gunnars Braga Sveinssonar, þingmanns Miðflokksins, um að láta vinna skýrslu eða greinargerð um mögulega áhrif fjórða orkupakkans á íslensk lög.

Gunnar Bragi hafði óskað eftir því að Friðrik Árni Friðriksson Hirst og Stefán Már Stefánsson hefðu aðkomu að verkefninu, en þeir unnu álit um þriðja orkupakkann að beiðni utanríkisráðuneytisins.

Fjórði orkupakkinn var samþykktur síðasta vor af ráðherraráði Evrópusambandsins og tekur gildi um næstu áramót. Er það svo verkefni sameiginlegu EES-nefndarinnar að ákveða hvort innihaldið rati inn í EES-samninginn sem Ísland er aðili að.

Gunnar Bragi segir í tilkynningu að meirihlutinn vísi í samkomulag um þinglok þar sem komi fram að þingflokkum sé heimilt að láta framkvæma ákveðna vinnu. Hefur Gunnar Bragi óskað eftir að nefndin vísi erindi sínu til utanríkisráðuneytisins. **– ab**

## Bónorð á Abbey Road




Aðdáendur Bítlanna fylltu gangbrautina fyrir utan Abbey Road-hljóðverið í Lundúnum í gær í tilefni af því að liðin var hálf öld er frá því að Bítlarnir voru myndaðir þar sem þeir gengu í einfaldri röð yfir gangbrautina. Varð sú mynd að einu frægasta plötuumslagi allra tíma. Einn æstur Bítlaaðdáandi notaði tækifærið og bað kærustuna um að giftast sér á miðri gangbrautinni við mikinn fögnuð viðstaddra. NORDICPHOTOS/GETTY

# Erfiðasti kaflinn að baki

**Spitfire-vélin sem flýgur umhverfis jörðina lenti í Reykjavík í gær. Veður hefur leikið flugmennina grátt en vélin stendur fyrir sínu. Þeir skiptu byssunum út fyrir eldsneytistanka sem þrefaldaði flugdrægið.**

**FLUG** Silfurlit Spitfire-vél lenti á Reykjavíkurflugvelli á fimmta tímanum í gær. Flugmennirnir, hinir bresku Steve Brooks og Matt Jones, voru kátir og virtist létt eftir lendinguna enda höfðu þeir áður þurft að snúa við vegna veðurs.

Brooks og Jones skiptast á að fljúga og með þeim er fylgdarlið sem flýgur í fylgivél. „Við lentum í slæmu veðri í gær og næstum því aftur í dag en náðum að komast fram hjá því. Ég held að það að komast hingað sé erfiðasti hluti leiðarinnar,“ segir Brooks og hlær dátt.

Ísland er fjórði viðkomustaðurinn á leiðinni sem hófst í Bretlandi. „Þetta er búið að vera mjög erfitt en við vissum allan tímann að þessi leggur yrði strembinn. Okkur verður létt þegar við komumst til Kanada. Annar leggur sem við áætlum að verði erfiður er frá Alaska yfir til Rússlands.“

Þrátt fyrir upphafserfiðleika hefur vélin sjálf staðið fyrir sínu. En vegna þess að hún flýgur lágt skipta veður og vindar gríðarlega miklu máli. Þægindi eru lítil í vélinni og rými flugmannsins mjög þröngt. Brooks segir að það að stíga inn í vélina sé eins og að klæða sig í jakka.

„Við byggðum vélina af því að það er svo mikill áhugi á Spitfire-vélum um heim allan. Þær voru notaðar í svo mörgum löndum á ákveðnu tímabili. Þetta var tækifæri til þess að leyfa fólki að njóta þess að sjá vélina á ný,“ segir Brooks stoltur. „Þessi vél breytti sögunni. Við eigum frelsi okkar henni að þakka.“




Matt Jones og Steve Brooks við komuna á Reykjavíkurflugvelli. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI.

Spitfire-vélarnar léku stórt hlutverk í seinni heimsstyrjöldinni, þá sérstaklega orrustunni um Bretland árið 1940. Þjóðverjar ætluðu að leggja Bretland undir sig en þurftu að vinna loftrýmið til þess að geta siglt með heraflann yfir Ermarsund. Þjóðverjar notuðu Messerschmidt-orrustuvélar en Bretar vörðust með Spitfire- og Hurricane-vélum og fjöldinn var Bretum mjög í óhag. Á þessari ögurstundu unnu breskir flugmenn kraftaverk og meðfærileiki Spitfire skipti sköpum. Varð vélin upp frá því að tákni um frelsið sjálft.

Þó að Spitfire sé frægasta orrustuflugvél heims þá er sú sem Brooks og Jones fljúga meinlaus því að hún er óvopnuð. „Við tókum byssurnar út og settum eldsneytistanka í staðinn. Vanalega draga vélarnar tæplega 500 kílómetra leið. Þessi dregur rúmlega 1.500 kílómetra á birgðum sínum.“

kristinnhaukur@frettabladid.is




Spitfire öðlaðist sess sem frelsistákn í seinni heimsstyrjöldinni.

92 %

Inniheldur 92% vatn

# Kál í botn

Hefurðu heyrt um fitusnautt kósíkvöld? Fjöldi fólks býr til pizzubotna úr blómkáli, en það inniheldur ekki örðu af fitu. Hafðu þó hugfast að blómkál ber enga ábyrgð á því áleggi sem þú velur.



KOLEFNISJAFNAÐ
KOLVIÐUR
ICELAND CARBON FUND
FRÁ BÓNDA TIL ÞÍN

islenskt.is

ÞÚ VEIST HVAÐAN ÞAÐ KEMUR

íslenskt grænmeti

FRÉTTABLAÐIÐ
# SKOÐUN

# Friðarbarátta



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Í gegnum söguna hefur maðurinn margsannað sjálfseyðingarhvöt sína. Enginn skyldi því vanmeta hæfni hans til að tortíma sér. Pólitískir leiðtogar heims, sem hafa mikil áhrif, sýna margir hverjir lítinn vilja til að gera heiminn að öruggari stað. Áhugi þeirra á því að bjarga heiminum er í algjöru lágmarki. Kannski ætti þetta sinnuleysi ekki að koma á óvart, svona miðað við gang sögunnar þar sem mikið hefur farið fyrir umfangsmiklum stríðsrekstri með tilheyrandi hörmungum.

Ár hvert, þar á meðal hér á landi, minnast friðarsinnar kjarnorkuárásanna á Hírósíma og Nagasaki í ágústmánuði árið 1945. Frá árinu 1985 hefur sá fallegi siður tíðkast hér á landi að fleyta kertum á Reykjavíkurtjörn og minnast þannig fórnarlambanna um leið og minnt er á sjálfsagða kröfu um heim án kjarnorkuvopna. Nú í kvöld verður kertum ekki bara fleytt við Reykjavíkurtjörn heldur einnig á Akureyri, Ísafirði og Patreksfirði.

Ekkert bendir til að friðarsinnum verði að ósk sinni um heim án kjarnorkuvopna. Heimurinn hefur alltaf verið hættulegur staður og er það svo sannarlega nú um stundir. Á of mörgum póstum hafa hreiðrað um sig valdasjúkir ófriðarsinnar sem skemmta sér við að hafa í hótunum við önnur ríki og gætu hugsað sér að grípa til kjarnorkuvopna.

Í heimildarmynd sem sýnd var fyrir skömmu á RÚV var fjallað um Stanislav Petrov, einn fárra manna sem hægt er að segja að hafi bjargað heiminum. Árið 1983 var hann yfirmaður í stjórnstöð sovéska hersins þegar mælitæki sýndu að eldflaugum væri skotið frá Bandaríkjunum í átt að Sovétríkjunum. Hann hafði ekki mikinn tíma til umhugsunar en niðurstaða hans var að mælitæki væru biluð. Hinni meintu árás var því ekki svarað með kjarnorkuflaugum. Í þessari merku heimildarmynd sagðist Petrov, sem lést fyrir tveimur árum, ekki efast um að kjarnorkuárás ætti eftir að verða með tilheyrandi eyðingu, maðurinn hefði einfaldlega ekkert lært af sögunni.

Kjarnorkuváin var nýlega fest á filmu í þáttunum marglofuðu um Chernobyl-kjarnorkuslysið í Sovétríkjunum árið 1986. Þar voru afleiðingar slyssins sýndar á miskunnarlausan hátt. Undir hljómaði mögnuð tónlist Hildar Guðnadóttur og jók mjög á þann beyg sem hlýtur að hafa sótt á alla þá sem horfðu á þættina.

Mannkyninu gengur vissulega afar erfiðlega að læra af sögunni. Sumir læra þó. Kertafleyting í minningu fórnarlambanna í Hírósíma og Nakasaki er til marks um það. Skilaboðin sem send eru út um allan heim á þessum degi, 9. ágúst, eru: Við viljum heim án kjarnorkuvopna. Lítil von er reyndar til að þessi skilaboð rati til þeirra þjóðarleiðtoga sem helst vilja vera í stöðugum stríðsleikjum. Þeir eru ekki karakterar sem láta sér segjast. Það á hins vegar ekki að draga kjark úr öllum þeim sem þrá að lifa í friðsamlegum heimi. Það er siðferðileg skylda þeirra að leitast við að gera heiminn örlítið betri.

Í heimi, sem getur verið grimmur og óréttlátur, skiptir friðarbarátta máli. Þeirri baráttu má aldrei ljúka.

**Ekkert bendir til að friðarsinnum verði að ósk sinni um heim án kjarnorkuvopna.**

## Halldór




## Frá degi til dags

**Undirbúningur í Toscana**
Þingmenn verja mismiklum tíma í að undirbúa sig fyrir komandi þingvetur. Brynjar Níelsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, er nú í Toscana á Ítalíu ásamt félaga sínum og sex konum að kanna lýðheilsurök pólitískra andstæðinga sinna. „Hér sannast að gott aðgengi að ódýru áfengi eykur neysluna,“ segir Brynjar á Fésbók. Orð sín tileinkar hann Páli Val Björnssyni, varaþingmanni Samfylkingarinnar, sem hefur einmitt notað það sem rök gegn því að selja áfengi í matvöruverslunum. Mjög líklegt er að undirbúningur Brynjars muni nýtast á komandi þingi enda áfengisfrumvarp fyrir löngu orðið fastur liður.

**Dagur í miðjunni**
Hinsegin dagar voru settir í gær við hátíðlega viðhöfn. Af því tilefni, líkt og áður, tók Dagur B. Eggertsson borgarstjóri þátt í að mála götu í bænum í regnbogalitunum. Fer það iðulega fram með því að sex einstaklingar, að borgarstjóra meðtöldum, taka hver sína málningarrúllu og mála sinn lit. Glöggir tóku eftir því að borgarstjóri hefur síðustu fjögur ár alltaf haldið á grænu rúllunni. Aðspurður um þetta sagði Dagur þetta hið dularfyllsta þar sem uppáhaldslitur hans væri rauður, eins og vera ber. Spurning hvort ástæðan sé ekki sú að græni liturinn er í miðju regnbogans, en sá rauði á kantinum. arib@frettabladid.is

# Sameiginlegir hagsmunir okkar allra



Þórunn Sveinbjarnardóttir
formaður BHM

Kjaraviðræður aðildarfélaga Bandalags háskólamanna (BHM) við ríki, Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga hafa staðið frá því í vor. Hvorki hefur gengið né rekið í viðræðunum og svo virðist sem samráð þessara þriggja viðsemjenda sín í milli tefji frekar fyrir en hitt. Kjaraviðræður eru nú að hefjast á ný að loknu sumarleyfi og rétt rúmur mánuður til stefnu því samkvæmt viðræðuáætlunum hyggjast flestir hafa náð samningum 15. september nk.

Meginkröfur aðildarfélaga BHM í yfirstandandi kjaraviðræðum eru skýrar og sanngjarnar. Félögin hafa afþakkað krónutöluhækkanir enda eru þær í engu samræmi við uppbyggingu þess launakerfis sem háskólamenntaðir sérfræðingar hjá hinu opinbera starfa innan.

Krafan um styttingu vinnuvikunnar hefur fengið nokkurn hljómgrunn hjá viðsemjendum BHM. Það vekur vonir um að hægt verði að stíga raunhæf skref í þessa átt í væntanlegum kjarasamningum. Samræming lífeyrisréttinda milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins kallar á að launakjör séu einnig samræmd milli markaða. Í samkomulagi sem bandalög opinberra starfsmanna gerðu við ríki og sveitarfélög árið 2016 var stefnt að því að jöfnun launa tæki 6–10 ár. Nú þegar eru liðin þrjú ár frá undirritun samkomulagsins og morgunljóst að taka verður fyrstu skref í átt til jöfnunar í yfirstandandi kjaraviðræðum.

Þá er mikilvægt fyrir félagsmenn aðildarfélaga BHM að létta endurgreiðslubyrði námslána. Ætlað er að starfshópur sem forsætisráðherra skipaði til að fjalla um þetta mál skili niðurstöðum í lok sumars. BHM bindur vonir við að á grundvelli þeirra verði hægt að gera nauðsynlegar breytingar sem koma til móts við greiðendur námslána.

Nú þarf að bretta upp ermar og gera góða kjarasamninga. Samninga sem tryggja háskólamenntuðum sérfræðingum hjá ríki, borg og sveitarfélögunum sanngjarnar launahækkanir og eðlilegar umbætur. Slíkir samningar myndu án nokkurs vafa auðvelda nýliðun og mönnun mikilvægra starfsstétta hjá hinu opinbera og bæta almannaþjónustuna í landinu. Það eru sameiginlegir hagsmunir okkar allra.

**Nú þarf að bretta upp ermar og gera góða kjarasamninga.**




FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FRAMKVÆMDASTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Davíð Stefánsson *david@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Vesturlönd verða fyrir ofþægindum

Í DAG



Þórlindur Kjartansson

Í vikunni voru sagðar fréttir af því að búið væri að telja saman hversu margir Danir þjáist af svokölluðum lífsstílssjúkdómum. Niðurstaðan er sú að þegar nálgast miðjan aldur þá þarf vísitölubauninn að búa við 2,7 slíka kvilla. Flestir þeirra eru varanlegir og útheimta sífellt pilluát, sem fer stöðugt vaxandi alveg fram á grafarbakkann. Danir eru líklega ein óheilbrigðasta þjóðin í Vestur-Evrópu. Þar er mikið reykt af sígarettum, mikill bjór drukkinn og hjólreiðar stundaðar án hjálma og hlífðarbúnaðar. Reyndar telst það síðarnefnda alls ekki frændum okkar til lasts, heldur tekna—en það dugir þó illa til að vega upp á móti ölinu, tóbakinu og svínafitunni. En þótt Danirnir séu eflaust verr staddir en margar aðrar þjóðir þá er öruggt að öll velmegandi samfélög Vesturlanda eru á nákvæmlega sömu leið.

Sums staðar er því spáð að innan skamms kunni það að verða algengt að börn deyi á undan foreldrum sínum—ekki bara að yngri kynslóðin lifi skemur en sú eldri, heldur að fleiri falli frá á undan heilsuhraustari kynslóð foreldra sinna. Fyrir utan stríðstíma er ólíklegt að þessi veruleiki hafi áður blasað við.

## Veiklaðir Vesturlandabúar

Vesturlandabúar eru sífellt að veiklast. Þeir hreyfa sig lítið, borða óhollan mat og mikið af honum, sofa lítið og illa; og til að bæta dökkgráu ofan á kolsvart þá býr fólk við sífellt meiri streitu, einangrun, einmanaleika, síþreytu og kulnun í starfi. Þótt það virðist vera orðið viðkvæmt að benda á það; þá er hreyfingarleysi og offita sannarlega orðin að heilsufarslegri vá sem taka verður alvarlega.

Það á enginn að þurfa að skammast sín fyrir hvernig hann lítur út og þeir sem glíma við lífsstílssjúkdóma á borð við offitu eru sannarlega fórnarlömb aðstæðna sem þeir ráða engu um. Það sama má segja um þá fjölmörgu sem bera ekki utan á sér einkenni slíkra kvilla, en þjást engu að síður bæði líkamlega og andlega, til dæmis vegna fíknar, geðsjúkdóma, ofþreytu og þunglyndis.

## Gana og Holland

Í fyrirlestri sem ég sá á netinu tekur hollenskur læknir dæmi af tveimur einstaklingum og ber saman heilsufar þeirra. Annars vegar nefnir hann til sögunnar 68 ára gamlan Hollending og hins vegar 88 ára mann frá Gana. Læknirinn fullyrðir að báðir séu dæmigerðir í sínum hópi; en þegar heilsufar Hollendinga „á besta aldri“ er borið saman við háaldraða Ganverja þá kemur í ljós að öldungar frá sársnauðum héruðum Gana eru hraustari á nær alla mælikvarða. Meðal þeirra þekkjast varla hjartasjúkdómar eða stoðkerfisvandamál. Munurinn á lífslíkum í löndunum tveimur er töluverður en skýrist aðallega af miklu meiri barnadauða í Gana. Fyrir þá sem njóta þeirra forréttinda að þroskast og eldast þá eru lífslíkurnar sambærilegar; en heilsufar Ganverjanna miklum mun betra.

Er þá þar með sagt að það sé betra að fæðast í Gana heldur en í Hollandi eða Danmörku? Auðvitað ekki. Það er hins vegar áhugavert að í Gana býður lífsstíllinn upp á algjörlega ókeypis lausn á þeim vanda Vesturlanda sem bæði einstaklingar og ríkisstjórnir væru tilbúin að eyða nánast óþrjótandi fjármunum í að leysa. Semsagt—hvernig getum við lifað lengur góðu lífi án þess að þurfa á rándýrri læknisaðstoð eða lyfjum að halda?



## Tvö vandamál

Á Vesturlöndum horfum við upp á tvö yfirgnæfandi vandamál. Annars vegar eru það loftslags- og umhverfismál þar sem núverandi eyðsla okkar á náttúruauðlindum er smám saman að grafa undan forsendum fyrir lífsgæðum komandi kynslóða. Hins vegar eru það lýðfræðilegar áskoranir, sem felast í því að sífellt hærra hlutfall fólks verður gamalt og háð dýrri læknisþjónustu sem samfélögin geta ekki staðið undir með núverandi áframhaldi. Að miklu leyti tengjast þessi vandamál og eiga sér svipaðar rætur. Hin mikla neysla á óþörfum lífsgæðum stuðlar bæði að óábyrgri nýtingu auðlinda og auknum lífsstílstengdum kvillum.

Alls staðar eru að koma betur í ljós afleiðingarnar af þeim lífsstíl sem Vesturlönd hafa komið sér upp á undanförnum áratugum en kannski er enn hægt að gera eitthvað til þess að bregðast við hér á landi. Það þarf þá að byrja að stuðla að raunverulegri hugarfarsbreytingu.

## Eins og mamma þín segir

Svörin eru öllum ljós, og hafa alltaf verið það. Við eigum að borða hollar, sofa betur, hitta vini okkar, hreyfa okkur meira og gera almennt meira eins og mamma okkar segir okkur. En þrátt fyrir að engra nýrra vísinda sé þörf þá gengur okkur flestum samt svo erfiðlega að hlýða allri þessari skynsemi.

Þótt stjórnmálamenn geti trauðla farið að segja fólki að borða fleiri gulrætur, mæta oftar í líkamsrækt, ganga í vinnuna eða fara fyrr að sofa á kvöldin þá hafa pólitískar og skipulagslegar ákvarðanir veruleg áhrif á það hversu líklegt það er að fólki takist að gera jákvæðar breytingar á lífsstíl sínum. Skipulag í borgum og bæjum ætti að miða að því að gera fólki kleift að komast flestra sinna erinda fótgangandi og gera þarf líkamsrækt og holla lifnaðarhætti að stærri hluta af heilbrigðiskerfinu. Vinnustaðir kyrrsetufólks ættu að gera göngufundi að venju og svo mætti áfram telja.

## Óþægindi og ofþægindi

Við búum í samfélagi þar sem það þykir ekki skrýtið að keyra á bíl í líkamsræktarstöð til þess að hlaupa þar á kyrrstæðu bretti. Víða á netinu eru fyndin dæmi af fólki sem raðar sér í rúllustiga á leiðinni með töskuna sína í líkamsræktina. Slíkar myndir undirstrika að hið raunverulega vandamál er líklega fólgið í einstaklega djúpstæðum áhuga okkar á því að komast hjá öllum mögulegum óþægindum. Við göngum afskaplega langt til þess að komast hjá hvers kyns líkamlegri áreynslu í daglegu lífi okkar, jafnvel þótt við hömumst á lóðum og liðamótum nokkrum sinnum í viku í skyldulíkamsræktinni.

Þegar Hollendingarnir velmegandi eldast væru líklega flestir þeirra tilbúnir til þess að gefa allt sem þeir eiga til þess að vera jafnheilsuhraustir og Ganverjarnir fátæku. Og ósennilegt er að Ganverjanum þætti freistandi að láta borga sér fyrir að taka við lífsstílssjúkdómum Vesturlandabúanna.

Þótt mörg velmegunarþægindi séu ósköp hugguleg er ekki víst að þau séu öll þess virði þegar upp er staðið. Það er freistandi að verða ofþægindunum að bráð og flestum okkar væri líklega hollara að gera almennt meira af því sem mamma okkar segir okkur, jafnvel þótt það hafi í för með sér óþægindi. Við höfum gott af þeim.

Óska eftir að kaupa
230 þús. króna Toyota bíl
Staðgreiðist. Má vera ryðgaður.
Sími: 483 3568.

FORD FIESTA
Á SUMARTILBOÐI

Einkenni Ford Fiesta eru ríkulegur staðalbúnaður, frábærir aksturseiginleikar, fimm stjörnu öryggi, hagstætt verð og lágur rekstrarkostnaður.

RÍKULEGUR STAÐALBÚNAÐUR

- Ökumannspakki 2 sem innifelur: Umferðaskiltalesara, ökumannsvaka, birtuskynjara fyrir aðalljós, hraðatakmarkara og 4,2 TFT litaskjá
- Upphitanleg framrúða
- Hljómtækjapakki sem innifelur: 8" snertiskjá, 7 hátalara, SYNC III raddstýrt samskiptakerfi með neyðarhringingu
- Bluetooth símabúnaður
- Apple CarPlay, Android Auto
- Ford MyKey
- Akstursstölva
- 16" álfelgur
- LED dagljós að framan
- Nálægðarskynjari að aftan og rafdrifin aðfelling útispegla
- Brekkuaðstoð
- Easy Fuel eldsneytisáfyllingarkerfi án bensínloks
- Vindskeið að aftan

-230.000 kr.



FORD FIESTA TITANIUM
1,1 bensín, 85 hestöfl, beinskiptur
Verðlistaverð 2.530.000 kr.
SUMARTILBOÐSVERÐ:
2.300.000 KR.
Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford Fiesta

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17
Opið laugardaga kl. 12-16

ford.is

# Förum bjartsýn inn í leikina

**Tilkynnt var í gær hvaða 23 leikmenn Jón Þór Hauksson hefur valið fyrir fyrstu undankeppni sína sem þjálfari kvennalandsliðsins. Sextán ára markvörður, Cecilía Rán Rúnarsdóttir er í hópnum í fyrsta sinn.**

**FÓTBOLTI** Jón Þór Hauksson, þjálfari íslenska kvennalandsliðsins, tilkynnti í gær hvaða 23 leikmenn hann hefði valið í leiki Íslands gegn Ungverjalandi og Slóvakíu í undankeppni EM 2021. Þetta verða fyrstu leikir Íslands í undankeppninni og fara þeir báðir fram á Laugardalsvelli og á sama tíma fyrstu mótsleikir Íslands undir stjórn Jóns Þórs og Ians Jeffs. Þá eru þetta fyrstu leikir liðsins á heimavelli eftir að Jón Þór og Ian tóku við liðinu af Frey Alexanderssyni síðasta haust.

Ísland hefur leik gegn Ungverjalandi fimmtudaginn 29. ágúst og verður það í sjötta sinn sem liðin mætast. Til þessa hefur Ísland unnið alla fimm leikina, skorað sautján mörk og aðeins fengið á sig tvö, annað þeirra þegar liðin mættust síðast árið 2013 og Ísland vann 4-1 sigur. Fjórum dögum síðar tekur Ísland á móti Slóvakíu og er það þriðja viðureign liðanna, til þessa hefur Ísland unnið báða leikina og skorað sex mörk gegn aðeins einu.

Íslenska kvennalandsliðið er að reyna að komast inn í lokakeppni Evrópumótsins fjórða skiptið í röð.

„Það er alltaf pressa á okkur að vinna heimaleikina, við ætlum okkur í lokakeppnina og það segir sig sjálft að við þurfum að vera dugleg að vinna leikina okkar og gera vel á heimavelli í þessari undankeppni."

Tvær breytingar eru á landsliðshópnum á milli leikja, Svava Rós Guðmundsdóttir, framherji Kristianstad, kemur aftur inn í hópinn, eftir að hafa misst af síðasta verkefni vegna meiðsla, á kostnað Söndru Maríu Jessen, leikmanns Bayer Leverkusen. Þá kemur Cecilía Rán Rúnarsdóttir, markvörður Fylkis, inn í hópinn í stað Guðbjargar Gunnarsdóttur sem er ólétt og gefur því ekki kost á sér. Cecilía sem fagnaði sextán ára afmæli sínu á dögunum hefur verið í U17 ára liði Íslands undanfarin ár en er nú í fyrsta sinn kölluð inn í landsliðið.

„Ég hef ekki unnið með Cecilíu en er mjög spenntur fyrir því, ég hef hitt og rætt við fólkið í kringum hana í aðdraganda þess að við völdum hana í hópinn. Hún er auðvitað ung og óreynd á þessu stigi en er með tvo reynslumikla markmenn með sér sem eiga eftir að hjálpa henni gríðarlega mikið. Í Guðbjörgu erum við að missa bæði frábæran markmann og frábæran einstakling innan hópsins sem er erfitt á þessum tímapunkti en við gleðjumst fyrst og fremst fyrir hennar hönd," sagði Jón Þór sem sagðist aðspurður vera búinn að ákveða hver stæði í markinu gegn Ungverjalandi.

„Við erum búnir að taka ákvörðun. Markmannsstaðan er gríðarlega mikilvæg í fótbolta og þegar við tökum við liðinu er Guðbjörg nýbúin í stórri aðgerð vegna meiðsla sem höfðu verið að plaga hana í svolítinn tíma. Það var ekki alveg ljóst hvernig hún kæmi aftur úr þessari aðgerð eftir þessi meiðsli og við förum strax að skoða það hvaða möguleikar væru í stöðunni og að undirbúa það ef hún kæmi ekki aftur sem hún gerði svo vel og stóð sig frábærlega með okkur gegn Finnum í sumar."

Alls hefur íslenska kvennalandsliðið leikið átta leiki undir stjórn nýja þjálfarateymisins sem hefur nýtt tímann í að skoða vel hvaða leikmenn yrðu fyrir valinu.

„Við höfum nýtt æfingaleikina vel á þessu ári til að undirbúa þetta verkefni, það hafa margir leikmenn fengið tækifæri og náð að skoða leikmenn í hinum ýmsu stöðum. Hópurinn er núna tilbúinn, við höfum allan tímann verið að undirbúa fyrir þessa undankeppni og það er komin mikil eftirvænting innan hópsins og hjá þjálfarateyminu," sagði Jón Þór og hélt áfram:

„Á milli allra leikja höfum við breytt aðeins til en á sama tíma höfum við haldið í ákveðinn kjarna, það er góð blanda af ungum og eldri leikmönnum í hópnum. Auk þess er fullt af leikmönnum utan hóps sem hafa staðið sig frábærlega í verkefnum með okkur. Samkeppnin er mikil sem er jákvætt fyrir þjálfara. Ég hefði auðveldlega getað valið 30-35 manna hóp sem er jákvætt, það segir að það séu margir leikmenn sem hafa staðið sig vel."

Cloé Lacassé, framherji ÍBV sem fékk íslenskt vegabréf á dögunum, er ekki komin með alþjóðlega leikheimild og gat því ekki tekið þátt en þetta staðfesti Jón Þór í gær. Hann segist vera spenntur fyrir því að vinna með Cloé sem þekkir vel til Ians Jeffs, aðstoðarþjálfara Jóns Þórs.

„Hún kom ekki til greina í þetta verkefni en við þekkjum það vel hvað hún getur fært okkur eftir samstarf hennar og Ians í Eyjum þannig að við vitum að hverju við göngum. Hvenær sem það verður að hún komi til greina þá munum við skoða það."

kristinnpall@frettabladid.is



Jón Þór var bjartsýnn þegar landsliðshópurinn fyrir næsta verkefni var tilkynntur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Ég hefði auðveldlega getað valið 30-35 manna hóp sem er jákvætt, það segir að það séu margir leikmenn sem hafa staðið sig vel.**
>
> Jón Þór Hauksson



Birkir lék alls 53 leiki fyrir Aston Villa. NORDICPHOTOS/GETTY

## Birkir laus allra mála hjá Villa

**FÓTBOLTI** Aston Villa staðfesti í gær að félagið hefði komist að samkomulagi við landsliðsmanninn Birki Bjarnason um að rifta samningi hans. Birkir mun því ekki leika með liðinu í ensku úrvalsdeildinni þar sem tímabilið hefst í kvöld.

Birkir kom lítið við sögu undir lok tímabilsins í fyrra þegar Aston Villa komst aftur upp í úrvalsdeildina eftir þriggja ára fjarveru og var ljóst að tækifærin yrðu af skornum skammti í vetur eftir að Villa samdi við tólf leikmenn í sumar.

Íslenski landsliðsmaðurinn samdi við Aston Villa í janúar árið 2017 og lék því í tvö og hálft ár með félaginu. Alls lék Birkir 53 leiki fyrir Aston Villa í öllum keppnum og skoraði í þeim sex mörk.

Óvíst er hvert næsta skref Birkis verður en hann hefur áður leikið með Basel í Sviss, Pescara og Sampdoria á Ítalíu, Standard Liége í Belgíu og Bodø/Glimt og Viking í Noregi. **– kpt**

## Spenna á Tyneside

**FÓTBOLTI** Merkilegt nokk þá ríkir spenna í Newcastle fyrir komandi tímabili. Það er langt síðan það hefur gerst. Þegar Steve Bruce var kynntur sem stjóri fór allt í bál og brand meðal stuðningsmanna enn einu sinni. Nú ríkir bjartsýni en sjö leikmenn komu til félagsins meðal annars, Andy Carroll, uppáhaldsleikmaður margra stuðningsmanna. Félagið eyddi um 60 milljónum punda í nýja leikmenn og skyndilega fór sólin að skína á ný á Tyneside eftir heldur dimma tíma. **– bbh**



Alan Shearer að fagna. Goðsögn í Newcastle.

# Enn beinist athyglin að Woodward

**FÓTBOLTI** Ed Woodward er ekki sá vinsælasti í Manchester eftir gærdaginn. Þá varð eitt vinsælasta myllumerki Twitter #WoodwardOut en stuðningsmenn Manchester United gjörsamlega gengu af göflunum á tímabili á samskiptamiðlinum þegar ljóst var að það var enginn að koma á lokadegi félagaskiptagluggans.

Ed Woodward, framkvæmdastjóri Manchester United, sem sér um leikmannaskipti félagsins er að verða að einhvers konar athlægi í fótboltaheiminum en fátt sem hann gerir endar vel fyrir Manchester United.

Vissulega var stoppað í götin sem voru á vörn Manchester United með tveimur risakaupum á Harry Maguire og Aaron Wan-Bissaka en stuðningsmenn Manchester United vildu meira. Þeir misstu Ander Herrera og sóknarmanninn Romelo Lukaku og fengu lítið í staðinn þrátt fyrir orðróm um annað.

Woodward hefur nú verið við stjórnvölinn hjá einu stærsta félagi heims í hartnær sex ár eftir að hann tók við stjórnartaumunum af David Gill árið 2013. Woodward var áður í bankageiranum og starfaði fyrir PricewaterhouseCoopers og JP Morgan. Hann hjálpaði til við að Glazer-fjölskyldan eignaðist Manchester United en það voru fyrstu kynni hans af fótbolta.

Hann er sagður hugsa meira um árangur utan vallar en innan en engum dylst að Manchester United þénar vel á samningum sem Woodward gerir. Ótrúlegir samningar við Adidas og Chevrolet sýna það. Hann veitir sjaldan viðtöl og síðasta stóra viðtalið við hann var fyrir fjórum árum.

Margir leikmenn voru orðaðir við Manchester United í þessum glugga líkt og áður en Woodward kom tómhentur til baka. Síðan hann tók við stjórn félagsins hefur það færst fjær Englandsmeistaratitlinum og er á sínum fjórða stjóra síðan Alex Ferguson kvaddi. Honum var lýst af mörgum sem sérfræðingi í klúðri. Allavega innan vallar. Snilld hans utan hans í markaðsmálum er óumdeild. **– bbh**




Ed Woodward og Jose Mourinho. Merkilegt nokk vildi Woodward ekki borga 60 milljónir fyrir Harry Maguire í fyrra að beiðni Mourinhos.



TOKE borðstofuborð. Vaxolíuborin eik. 90x160 cm. 79.900 kr. Nú 63.920 kr.



TIMBER borðstofuborð. Hvítolíuborin eik, svartbæsaðir eikarfætur. 200x100 cm. 2 plankar. 3 cm. 219.900 kr. Nú 175.920 kr.

ÞÍN HÖNNUN
ÞITT VAL - ÞINN STÍLL

# 20-40% AF ÖLLUM
## BORÐSTOFUHÚSGÖGNUM OG BORÐBÚNAÐI

27%



**HYPE** barstóll. Brúnn eða svartur. H102 cm. 36.900 kr. Nú 26.900 kr.

50%



**CHARME** rauðvíns, hvítvíns og kampavínsglös. 18 stk. í pk. 7.995 kr. Nú 3.998 kr.

33%



**SARO** borðstofustóll, ýmsir litir. 8.900 kr. Nú 5.900 kr.

40%



**GOLD** hnífaparasett. 4x4 stk. 4.995 kr. Nú 2.995 kr.

25%



**AUGUST** skenkur. Vaxlakkaður eikarspónn, hvítlakkað MDF. 180x40x75 cm. 119.900 kr. Nú 89.900 kr.

25%



**NORDIC MATARSTELL** Svart, grátt eða blátt. Diskur 31 cm. 3.995 kr. Nú 2.996 kr. Diskur 26 cm. 1.795 kr. Nú 1.346 kr. Fylgidiskur 20 cm. 1.295 kr. Nú 971 kr. Skál 15x8 cm. 1.395 kr. Nú 1.046 kr. 17x6 cm. 1.595 kr. Nú 1.196 kr.

**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is
Laugardaga og sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

netgíró
VALITOR

FACEBOOK.COM/ILVAISLAND
INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND

# Southern Fried Chicken



Frosnir naggar, bitar og vængir
Tilbúið beint í ofninn

verð frá **449** kr/pk

Tilboð gilda út 11. ágúst

15% afsláttur



Deliciou Bacon krydd er frábært á poppið, grænmetið og kjötið

**749** kr/stk



Ristorante bragast ávallt eins og á ítölskum veitingastað

Verð frá **416** kr/kg
Verð áður 489 kr/kg



Bubly sódavatn inniheldur engan sykur, engin sætuefni og engar hitaeiningar

**149** kr/stk



Snowdonia cheddar eru margverðlaunaðir ostar frá Wales

verð frá **699** kr/stk



Tostitos snakk og sölsur. Ekki sætta þig við annað

verð frá **749** kr/stk



Atlanta Cheesecake eru hágæða ostakökur beint frá USA

verð frá **449** kr/stk

# Meira svona alla daga





25% afsláttur

ÍSLANDS NAUT

**Trufflumarineraður nautavöðvi**

**2.999** kr/kg

Verð áður 3.999 kr/kg

**NÝJUNG**

**Spennandi steikarsósur sem þú verður að prófa**

Verð frá **499** kr/stk



20% afsláttur

**Kjúklingasteik ítölsk og kóresk**

**1.759** kr/kg

Verð áður 2.199 kr/kg



20% afsláttur

**Kryddlegin grísasíða í sneiðum**

**1.519** kr/kg

Verð áður 1.899 kr/kg



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar elskaða

**Einars Boga Sigurðssonar**

Suður-Reykjum 3,
Mosfellsbæ.

**Kristján Ingi Jónsson**
**Ágúst Rafn Einarsson** **Rakel Guðmundsdóttir**
**Matthías Einarsson** **Clare Patricia Dilworth**
**Erna Einarsdóttir**
**Sigurður Ágúst Finnbogason** **Guðríður Einarsdóttir**
**barnabörn og aðrir aðstandendur.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Ragnar S. Halldórsson**

verkfræðingur og
fyrrverandi forstjóri,

lést á Landspítalanum í Fossvogi miðvikudaginn 7. ágúst.
Útförin verður auglýst síðar.

**Margrét K. Sigurðardóttir**
**Kristín Vala Ragnarsdóttir**
**Halldór Páll Ragnarsson** **Jóhanna H. Jónsdóttir**
**Sigurður R. Ragnarsson** **Þórdís Kjartansdóttir**
**Margrét Dóra Ragnarsdóttir** **Hjálmar Gíslason**
**og barnabörn.**



Móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma, systir og vinur,

**Ellý Sæunn Reimarsdóttir**

er látin.
Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.
Við þökkum auðsýnda samúð.

**Inga Kristín Vilbergsdóttir** **Arnþór Örlygsson**
**Íris Alma Vilbergsdóttir**
**Linda Rós Vilbergsdóttir**
**Reimar Árni Guðmundsson** **Sunneva Lynd Birgisdóttir**
**Júlía Fanney, Ísabella Alexandra, Sóley Hvítfeld,**
**Ellý Sæunn, Anna Lilja**
**Örlygur Vilberg, Berglind Ylfa**
**Halldór Reimarsson, Hlynur Reimarsson,**
**Sigurbjörn Reimarsson og fjölskyldur**
**Vilberg Pálmarsson**



Okkar ástkæri

**Sigurvin Bjarnason**

flugstjóri

lést af slysförum þann 27. júlí.
Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju 15. ágúst kl. 15. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Flugbjörgunarsveitina Hellu.

**Svanhildur Jónsdóttir**
**Ólöf S. Sigurðardóttir**
**Bjarni Kristmundsson**
**Jón Þór Sigurvinsson** **Guðrún Þorgeirsdóttir**
**Berglind Ólöf Sigurvinsdóttir** **Jón Ómar Gunnarsson**
**Kristín Björg Sigurvinsdóttir** **Ívar Elí Sveinsson**
**og barnabörn.**



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Stefaníu Ragnheiðar Pálsdóttur**

Hrauntungu 6, Kópavogi,
fjöllistakonu.

**Sverrir Arnar Lúthersson**
**Jón Arnar Sverrisson** **Erla Sigurðardóttir**
**Sigurður Valur Sverrisson**
**Ragnar Sverrisson** **Oddný Guðnadóttir**
**Auður Freyja Sverrisdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**Efri röð f.v.: Einar og Hallgrímur Leifssynir, Skarphéðinn Reynir og Arnþrúður Anna Jónsbörn. Neðri röð f.v.: Gunnhildur Stefánsdóttir, Leifur Hallgrímsson, Jón Reynir Sigurjónsson og Ólöf Hallgrímsdóttir. Fyrirsætan á borðinu heitir Kveikur.** MYND/BB

# Vogafjós orðið tvítugt

**Vogafjós í Mývatnssveit er 20 ára og hefur þeim tímamótum verið fagnað með ýmsum hætti. Meðal annars var nýbygging tekin í notkun og stefnt er að frekari endurbótum.**

Tuttugu ár eru síðan Vogafjós opnaði fyrst dyr sínar fyrir gestum og gangandi. Veitingastaðurinn er rómaður, kýrnar skemmtilegar fyrir krakkana og útsýnið af pallinum engu líkt. Það er vissulega gaman að koma og skoða eina fegurstu sveit landsins og gott að smakka á því sem Vogafjós hefur upp á að bjóða.

Ólöf Hallgrímsdóttir, einn eigenda Vogafjóss, segir að þetta verkefni hafi aðeins undið upp á sig á jákvæðan máta. „Þetta var hugsað sem frekar rólegt og eitthvað kósí til að byrja með. Einhvers konar hliðarverkefni en auðvitað reyndi maður að vanda sig og gera vel það sem maður var að gera,“ segir hún.

Á afmælishelgi Vogafjóss var slegið upp veislu. Fyrst komu Hera og Bjössi Thor gítarleikari og tóku lagið um leið og nýbygging Vogafjóss var tekin í notkun. Á laugardeginum var opið hús þar sem múgur og margmenni mætti til að gleðjast með og hljómsveitin Hver tók síðan lagið um kvöldið. Boðið var upp á alls konar kræsingar úr eldhúsinu og kokteilar og annað flæddi frá barnum.

Vogabú hefur verið í eigu sömu fjölskyldu í yfir hundrað ár. Kýr og kindur voru uppistaðan til að byrja með, ásamt nokkrum hænum, tveimur hestum og hundi. Árið 1999 var nýtt fjós byggt og eru nú um 40 nautgripir í fjósinu. Kaffihúsið Vogafjós var svo byggt innan við fjósið. Þar fást ljúffengar heimagerðar veitingar en einnig er hægt að sjá kýrnar mjólkaðar og jafnvel bragða á glænýrri mjólk beint af spena. Mjólkað er tvisvar á dag, klukkan 7.30 á morgnana og 17.30.

„Við höfum gert þetta hægt og bítandi. Erum búin að byggja við þrisvar og stækka á þessum 20 árum. En það hefur alltaf verið tekið í skrefum og ekkert óðagot,“ segir hún.

Ólöf segir að hún horfi björtum augum á næstu 20 ár. Þau fyrri hafi verið það skemmtileg að það sé ekki nein ástæða til annars. „Ég held að við værum ekki í þessu ennþá ef okkur fyndist þetta ekki ennþá spennandi og skemmtilegt. Þetta er auðvitað gríðarlega mikil vinna og það þarf að leggja mikið á sig.

Það eru engin sumarfrí í ferðaþjónustunni. En þetta er eitthvað sem maður velur sér og fer í þennan gír. Ég lít ekkert endilega á þetta eins og ég sé alltaf í vinnu, þetta er það fjölbreytt þó auðvitað sé það misskemmtilegt sem maður er að fást við, en oftast er það nú eitthvað skemmtilegt sem maður er að fást við.“ **benediktboas@frettabladid.is**



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför eiginkonu minnar, móður, ömmu og langömmu,

**Þóru Valgerðar Antonsdóttur**

**Friðþjófur Sigurðsson, Ólafur Þór Ólafsson**
**og fjölskyldur.**



Ástkær eiginkona mín, móðir, dóttir og tengdadóttir,

**Ingiríður Blöndal**

Rjúpufelli 22,
Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítala hinn 26. júlí sl. Útför fer fram frá Fella- og Hólakirkju þann 13. ágúst nk. kl. 15. Við viljum færa innilegar þakkir til allra sem hlúðu að henni í erfiðum veikindum. Blóm eru vinsamlegast afþökkuð, en þeim, sem vildu minnast hennar, er bent á Ljónshjarta.

**Hjálmar Diego Haðarson**
**Soffía Erla, Jónas Bergmann, Hjálmar Arnar**
**Sigríður og Jónas Blöndal**
**Soffía Auður Diego og Höður Guðlaugsson**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Guðmundur Kristinsson**

stálsmíðameistari og
slökkviliðsstjóri,

lést á St. Franciskusspítala í Stykkishólmi 6. ágúst síðastliðinn.
Útförin fer fram frá Stykkishólmskirkju miðvikudaginn 14. ágúst kl. 13.00.
Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir, þeim sem vilja minnast hans er bent á tækjasjóð slökkviliðs Stykkishólms, reiknr. 0309-26-800, kt. 6202697009.

**Birna Sævarsdóttir**
**Guðmundur Sævar**
**Gunnar Björn**
**Kristinn Einar**
**Linda Bergmann**
**tengdabörn og afabörn**

**Viltu birta minningargrein á frettabladid.is?**

Minningargreinar skal senda á timamot@frettabladid.is.
Birting er endurgjaldslaus og opin öllum á frettabladid.is/timamot

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Fólk
Lífsstíll
FÖSTUDAGUR 9. ÁGÚST 2019



Cinque Terre ströndin liggur eftir ítölsku rívíerunni og samanstendur af fimm bæjum sem eru gríðarlega eftirsóttir ferðamannastaðir. Bæirnir og umhverfi þeirra eru á heimsminjaskrá UNESCO. →4



# Gerði tæknibrellur í Thor og Blade Runner

Í tæknibrellugeiranum má finna fjölmargar sérhæfðar deildir sem koma saman bak við eitt skot í bíómynd. Elfar Smári hefur aflað sér reynslu sem kompari og segir skemmtilegast að vinna við faldar tæknibrellur. →2

Það er skemmtilegast að vinna við myndir þar sem tilgangur tæknibrellna er að hjálpa framvindu sögunnar.

ÚTSÖLULOK
LAUGARDAGINN 10. ÁGÚST


ALLIR PÚÐAR
20 - 40%
AFSLÁTTUR


-30%
Askov Tungusófi 195x185 m kr. 176.600
NÚ KR. 123.620


ALLIR KLUKKUR
20% AFSLÁTTUR


-40%
Freja hliðarborð 2 í setti kr. 44.600
NÚ KR. 29.760


-40%
kr. 5.600 / 4.300 kr. 4.900
NÚ KR. 3.360 / 2.580 NÚ KR.2.580


-40%
Motta 60x90 kr. 9.800
NÚ KR. 5.880

LÍNAN
BÆJARLIND 14 - 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS

Framhald af forsíðu ➪



Sólrún Freyja Sen
solrunfreyja@frettabladid.is

Kvikmyndabransinn á Íslandi hefur tekið stakkaskiptum síðustu ár og vægi tæknibrellna verður æ meira. Elfar Smári Sverrisson er lærður í því sem kallast á ensku „compositing“, á íslensku þýðist það best sem stafræn samsetning en meðal kollega er starfsheitið einfaldlega kompari. Það sem kompari gerir er að setja saman vinnu mismunandi deilda við tæknibrellur. Á meðan ein deild hannar þrívíddarmódel, önnur hannar áferðina á módelinu og enn önnur býr til hreyfingu á því, sér komparinn um að setja alla þessu vinnu saman í eitt skot.

Áhuginn á þessari vinnu kviknaði þegar Elfar var í Margmiðlunarskólanum. „Ég skráði mig í Margmiðlunarskólann árið 2009. Það var rétt eftir hrun og ég vissi ekki alveg hvað mig langaði að gera, en þarna kynnist ég heimi tæknibrellna.“ Elfar segir að áður en hann fór í Margmiðlunarskólinn hafi áhuginn á kvikmyndum ekki verið meiri en hjá næsta manni.

## Örlögin réðu starfsvalinu

Eftir að hann kynntist þessum heimi fór hann að sjá kvikmyndir í öðru ljósi og möguleikinn á að vinna sjálfur í kvikmyndum opnaðist. Hann telur reyndar að örlögin hafi ráðið því að hann valdi þetta starf. „Ég er umkringdur kvikmyndafólki. Konan mín er kvikmyndagerðarmaður, allir mínir bestu vinir hafa endað í kvikmyndabransanum, þannig að mér líður eins og mér hafi verið ætlað að fara í þessa átt.“

Næst fór Elfar út til Svíþjóðar í Campus i12 háskólann í Jönköping og sérhæfði sig í sínu starfi. Elfar segir að flestir samnemendur hans hafi farið beint í bransann eftir skóla eða jafnvel fyrr. Hins vegar eru sífellt fleiri í dag sem læra allt í gegnum internetið. „Það eru rosalega margir sem sækja sér þekkingu á netinu og ótrúlega mikið af efni þar sem kennir manni undirstöðuatriðin. Ef maður hefur tímann og áhugann þá er hægt að læra þetta allt á netinu.“ Sjálfur notar Elfar netið óspart til að uppfæra og auka við eigin þekkingu. „Ég nýti internetið á hverjum degi þegar kemur að því að leysa vandamál sem ég stend frammi fyrir. Það er klárlega ómissandi þáttur í vinnunni.“

## Everest mótaði hann

Eftir námið hélt hann í starfsnám hjá sænska fyrirtækinu Filmgate. Þar vann hann fyrst og fremst við sænskar kvikmyndir en líka í breskri framleiðslu á myndinni Diana sem fjallar um Díönu prinsessu. Eftir að hafa unnið hjá Filmgate í eitt og hálft ár ákvað Elfar að tími væri kominn til að flytja heim. „Ég byrja að vinna hjá RVX Studios sem sá um tæknibrellurnar fyrir Everest og Ófærð 1.“ Elfar vann hjá RVX í tvö ár og segir að mest allan tímann hafi hann unnið við Everest. „Það var risastórt verkefni fyrir okkur. Það mótaði mig mikið sem kompara. Þetta er klárlega eitt erfiðasta og lengsta verkefni sem ég hef tekið þátt í.“

Vinnan við Everest tók eitt og hálft ár. Elfar segir að vinnan hafi meðal annars falist í heimildavinnu til að kynna sér aðstæðurnar á toppi Everest. „Við fengum til okkar Íslending sem fór á Everest, til að vita hvernig væri að vera þarna. Það hjálpaði okkur að búa til kuldann og aðstæðurnar. Það var gaman að fá alvöru innsæi.“ Þó að námið hafi verið mikilvægt upp á að læra reglurnar og aðferðirnar segist Elfar læra best af reynslunni sjálfri. „Maður lærir rosalega hratt á að gera hlutina og með því að vera í kringum fólk sem hefur unnið við þetta í mörg ár.“

## Alien Covenant og Mary Poppins tóku við

Eftir að Elfar lauk vinnu sinni við Everest og Ófærð 1 var lítið að gera heima á Íslandi. „Ég tók þá ákvörðun að leita út fyrir landsteinana og sótti um alls staðar í heiminum.“ Að lokum leist honum best á að fara til Kanada þar sem hann bjó að tengslum í Framestore-stúdíóinu, einu stærsta tæknibrellufyrirtæki heims. „Tæknibrellugeirinn í Kanada er orðinn risastór.“ Þar er vænlegt fyrir slík fyrirtæki að eiga aðsetur vegna ýmissa skattaívilnana en mörg stærstu fyrirtækin í þessum bransa eru búin að opna stúdíó þar. Fyrir Framestore vann Elfar meðal annars við gerð Alien Covenant, Blade Runner 2049, Thor Ragnarök, Mowgli og Mary Poppins Returns áður en hann flutti aftur heim til Íslands.

Hann segir að það sé skemmtilegast að vinna við myndir þar sem tilgangur tæknibrellna sé að hjálpa framvindu sögunnar en ekki eingungis að sýna flottar tæknibrellur. „Mér finnst langskemmtilegast að vinna í brellum sem sjást ekki.“ Elfar segir að það séu alls konar tæknibrellur notaðar í til dæmis íslenskum kvikmyndum sem áhorfendur taka ekki eftir. „Mér finnst meira spennandi að vinna í þessum földu brellum sem hjálpa leikstjóranum og kvikmyndagerðarfólkinu að segja söguna. Í sumum myndum gleymist að segja söguna og allt snýst um að gera flottustu brellurnar.“

## Færri brellur þurfa ekki að þýða minni gæði kvikmyndar

Í Blade Runner 2049 er notast við mikið af tæknibrellum en þær yfirtaka þó ekki söguþráðinn að sögn Elfars. Myndin hlaut Óskarsverðlaun fyrir bæði tæknibrellur og kvikmyndun. „Blade Runner er örugglega fallegasta myndin sem ég hef unnið í. Rammarnir og skotin í myndinni eru ótrúlega falleg. Það er töluvert auðveldara að búa til flottar tæknibrellur fyrir myndir sem eru gerðar vel frá upphafi, en að reyna að bjarga einhverjum myndum sem er ekki búið að setja jafn mikið púður í.“ Elfar fékk að vera hluti af fjölmennum hóp sem kom að gerð Blade Runner og segir að vinnan við myndina hafi verið einstaklega skemmtileg.

Í dag er Elfar að vinna í því að víkka eigin sjóndeildarhring og auka færni sína á ýmsum sviðum tæknibrellugeirans. Fyrst og fremst er Elfar að vinna í smáum verkefnum á borð við auglýsingar og stuttmyndir. „Tæknibrelluheimurinn hér á Íslandi er ekkert voðalega stór. Ég var orðinn frekar sérhæfður úti í Framestore, maður verður það þegar svona margir vinna með manni. En hér heima þá er bransinn töluvert minni og mér finnst það spennandi hugmynd að fara að gera meira af öðru sjálfur.“

Elfar var með yfirumsjón með tæknibrellum á setti myndarinnar Hvítur, hvítur dagur sem er nýjasta mynd Hlyns Pálmasonar. Myndin var sýnd í maí á Critics' Week, einni af hliðardagskrám kvikmyndahátíðarinnar í Cannes, og verður frumsýnd 6. september á Íslandi. Elfar sá svo um tæknibrellurnar í nýrri stuttmynd Uglu Hauksdóttur, Selshamnum, en Ugla leikstýrði nokkrum þáttum í Ófærð 2. „Einnig sá ég, ásamt Braga Brynjarssyni, um brellurnar í útskriftarmynd Erlends Sveinssonar úr Columbia University í New York. Sú mynd heitir Kanarí og það er hægt að sjá hana á Vimeo.

Í dag er Elfar að leggja lokahönd á tæknibrellur og litaleiðréttingu í stuttmyndinni Island Living sem Viktor Sigurjónsson leikstýrir og Atli Óskar Fjalarsson framleiðir. „Svo var ég að koma úr tökum á annarri útskriftarmynd úr Columbia University, leikstýrði af Brúsa Ólasyni. Þar var ég með yfirumsjón með brellum á setti og mun svo í framhaldinu sjá um allar brellurnar í myndinni. Það er greinilega nóg að gera hjá Elfari.

Elfar sér ekki fyrir sér að tæknibrelluheimurinn hér á landi komist á sama stig og í til dæmis Kanada eða Hollywood á næstu árum, en hann er að stækka. „Það er ekki mikill peningur fyrir stórum brellum hér.“ Elfar er þó ekki að gera lítið úr tæknibrellum í íslenskum kvikmyndum, enda þurfa færri brellur af minni stærðargráðu ekki að þýða að kvikmyndirnar séu minni að gæðum. „En það verða kannski einhvern tímann í framtíðinni fleiri möguleikar hér heima.“



Blade Runner 2049 hlaut Óskarsverðlaun fyrir tæknibrellur og kvikmyndun.



Kompari setur saman vinnu mismunandi deilda tæknibrellugeirans.



Frásögn Íslendings sem fór á Everest hjálpaði til við að búa til aðstæðurnar.



Eitt lærdómsríkasta verkefni Elfars var vinnan við Everest.

Evonia




Evonia eykur hárvöxt með því að veita hárrótinni næringu og styrk.



Fyrir Eftir

Evonia er hlaðin bætiefnum sem næra hárið og gera það gróskumeira.
Myndirnar hér til hliðar sýna hversu góðum árangri er hægt að ná með Evonia.

www.birkiaska.is

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Benedikt Bóas Hinriksson, benediktboas@frettabladid.is, s. 550 5763 | Ásta Eir Árnadóttir, astaeir@frettabladid.is, s. 550 5764 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Sólrún Freyja Sen, solrunfreyja@frettabladid.is, s. 550 5765 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Kristín Þorsteinsdóttir | Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,


REYKJAVIK
RAINCOATS
ÚTSALA
ÚTSALA
ÚTSALA
10-40%
AFSLÁTTUR
Í VERSLUN OKKAR
LAUGAVEGI
62
REYKJAVIK RAINCOATS
LAUGAVEGUR 62, 101 RVK
WWW.REYKJAVIKRAINCOATS.COM
INFO@REYKJAVIKRAINCOATS.COM
SÍMI: 5711177



# Nýtt bílaplan á Krókhálsi 9

Enn betra úrval frábær kjör!




**HYUNDAI SANTA FE**
Nýskráður: 2015 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 42.000 km.
**Verð: 4.890.000 kr.**




**MITSUBISHI OUTLANDER**
Nýskráður: 2017 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 65.000 km.
**Verð: 3.390.000 kr.**




**NISSAN X-TRAIL ACENTA PLUS**
Nýskráður: 2017 / Dísel
Beinskiptur / Ekinn: 106.000 km.
**Verð: 3.190.000 kr.**




**TOYOTA RAV4 GX PLUS**
Nýskráður: 2015 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 154.000 km.
**Verð: 2.490.000 kr.**




**KIA CEED**
Nýskráður: 2016 / Bensín
Beinskiptur / Ekinn: 67.000 km.
**Verð: 1.690.000 kr.**




**HONDA CR-V ELEGANCE**
Nýskráður: 2011 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 152.000 km.
**Verð: 1.890.000 kr.**




**SKODA OCTAVIA**
Nýskráður: 2013 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 150.000 km.
**Verð: 1.590.000 kr.**




**SUZUKI SPLASH**
Nýskráður: 2012 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 98.000 km.
**Verð: 590.000 kr.**

Bílabúð Benna
benni.is

**Reykjavík**
Krókháls 9
Sími: 590 2035

**Opnunartímar:**
Virka daga 9-18
Laugardaga 12-16

**Reykjanesbær**
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

**Opnunartímar:**
Virka daga 9-18
Laugardaga 10-14

* Birt með fyrirvara um mynd og textabrengl.




Falleg ströndin í Cinque Terre er ógleymanleg sjón.

# Þar sem húsin hanga í klettunum

Cinque Terre ströndin liggur eftir ítölsku rívíerunni og samanstendur af fimm bæjum, Monterosso al Mare, Vernazza, Corniglia, Manarola og Riomaggiore. Bæirnir og umhverfi þeirra eru á heimsminjaskrá UNESCO.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Ítalía heillar Íslendinga sem aðra. Það eru margir mjög spennandi staðir á Ítalíu sem gaman er að heimsækja. Einn þeirra er ítalska rívíeran sem er að verða eftirsóttasti hluti Ítalíu, sérstaklega bæirnir í Cinque Terre. Á austasta hluta rívíerunnar er bærinn La Spezia en þaðan sigla bátar og skip með fólk sem vill sjá rívíeruna frá sjó og jafnvel stoppa stutta stund í einhverjum bænum. Fyrir um fimmtán árum var Cinque Terre með öllum sínum fallegu litríku húsum, allt frá Genova til Pisa, falin perla. Stór forsíðumynd á frægu dagblaði vakti þessa bæi af værum blundi og ferðamönnum fjölgaði ört. Þá fór einnig að bera á skemmtiferðaskipum sem nú sigla meðfram Cinque Terre í Miðjarðarhafssiglingum.

## Mikill fjöldi ferðamanna

Frá apríl og fram í október eru bæirnir fullir af ferðamönnum sem margir koma siglandi. Göturnar í þessum litlu klettabæjum eru svo þröngar að þar fara engir bílar akandi. Ekki er tekið á móti fólki með börn, fólki í hjólastólum eða hjartveikum í þessar siglingar. Bæirnir eru erfiðir yfirferðar og það þarf að klífa kletta. Bæjaryfirvöld hafa þurft að setja fjöldatakmarkanir á ferðamenn á vissum tímum. Allir veitingastaðir og barir eru smekkfullir af fólki og margir segja að friðurinn sé úti í litlu fallegu þorpunum. Flestallir ferðamenn eru dagsgestir sem stoppa stutt, koma með lest sem er yfirleitt troðin. Ferðamönnum er bent á að gæta sín á vasaþjófum í lestinni, sérstaklega börnunum sem gerð eru út í þeim tilgangi að ræna gesti.

La Spezia er sá bær þar sem skemmtiferðaskipin stoppa. Frá La Spezia fer lestin til litlu bæjanna. Áform eru um að bæta aðstöðuna fyrir skemmtiferðaskipin til að hægt sé að taka á móti fleiri ferðamönnum. Engu að síður vilja bæjaryfirvöld í Cinque Terre fækka ferðamönnum úr 2,5 milljónum gesta í 1,5 milljónir. Óljóst er hvernig það á að takast. Ein uppástungan er dýr aðgöngumiði að bæjunum. Einnig hefur verið talað um app sem virkar eins og einhvers konar umferðarljós, það lætur vita í hvaða þorpi fæstir eru. Rautt ljós merkir að bærinn sé lokaður ferðamönnum en grænt að það sé allt í góðu að koma í heimsókn. Þá er einnig rætt um að setja upp miðasölu fyrir fram. Aðeins sé hægt að koma í heimsókn hafi fólk í förum sínum miða sem það hafi áður keypt. Það gæti hins vegar verið erfitt að framkvæma þar sem margir gestir koma með skipum og stoppa stutt.



Litrík og falleg höfnin í Vernazza í Cinque Terre.

## Einstök náttúruperla

Cinque Terre er sögð einstök náttúruperla, falleg og sjarmerandi. Margir segja ógleymanlegt að sigla með ströndinni og stoppa einhverja stund í bæjunum en aðrir vilja taka lestina. Lestarferð frá Monterosso til Vernazza er ægifögur, ekið er um vínakra sem liggja utan í klettaveggnum. Útsýnið frá Vernazza er ógleymanlegt. Það eru 550 tröppur upp í turn á hæðinni, erfið leið en þegar upp er komið er útsýnið sannkallað ævintýri á að líta. Munið eftir góðum gönguskóm.

Vilji gestir fá sér að borða á ævintýralega fallegum stað er mælt með Porto Roca hótelinu í Monterosso. Þaðan er eitt fallegasta útsýni í Evrópu, að því er The Economist hefur skrifað. Hótelið liggur hátt í klettavegg og skagar út í Miðjarðarhafið. Nauðsynlegt er að bóka borð fyrir fram.

## Rólegri staðir

Vilji fólk sjá sjarmerandi litla bæi við ítölsku ströndina án þess að vera í ferðamannaþrönginni gæti verið sniðugt að heimsækja Portovenere sem er suður af Cinque Terre bæjunum. Bærinn er ekki ósvipaður þeim en engin járnbrautarlest fer þar um. Sestri Levante er lítill svefnbær mitt á milli Genova og Cinque Terre sem býður upp á mjög ítalskt og skemmtilegt umhverfi sem einnig er áhugavert að heimsækja.

# Enski boltinn

FÖSTUDAGUR 9. ÁGÚST 2019



# Spenntur fyrir frumraun sinni í sjónvarpi



Bjarni Þór Viðarsson fór ungur að árum til Everton þar sem hann komst nokkrum sinnum á bekkinn, meðal annars gegn Newcastle sem var hans lið þegar hann var gutti. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**Bjarni Þór Viðarsson er hluti af teymi Símans, sem mun skila þjóðaríþrótt Íslendinga, enska boltanum, heim í stofur landsmanna. Hann er afar fróður um enska boltann enda lék hann með Everton og Bournemouth. Skórnir eru komnir upp á hillu en tilhlökkunin að takast á við lýsingar og greiningar er mikil og greinileg.**


Benedikt Bóas Hinriksson
benediktboas@frettabladid.is




Það er kominn smá fiðringur í magann, ég viðurkenni það – bæði að fara að lýsa og að vera á sunnudögum í settinu," segir Bjarni Þór Viðarsson, einn úr teymi Símans sem mun lýsa leikjunum í enska boltanum. Aðrir verða Margrét Lára Viðarsdóttir, Eiður Smári Guðjohnsen, Logi Bergmann og Elvar Geir Magnússon, ritstjóri Fótbolta.net sem mun detta inn við og við.

Bjarni er nýgræðingur í sjónvarpi og þreytir frumraun sína á stóra sviðinu, sjálfum enska boltanum, einu kröfuharðasta sjónvarpsefni landsins. Hann segir að hann hafi ekki alveg verið á sömu línu og Tómas Þór, að slökkva á hljóðinu og lýsa heilu leikjunum en hann hafi oft boðið upp á lýsingar fyrir vini og vandamenn, svona meira upp á grín en alvöru.

Það er gaman að tala við Bjarna um fótbolta, hann þekkir enska boltann út og inn eftir að hafa nánast alist upp hjá Everton og farið í lán til Bournemouth árið 2007 – sem leikur nú í ensku úrvalsdeildinni. „Ég er svolítið að stökkva út í djúpu laugina og auðvitað þarf maður að undirbúa sig vel. Ég þurfti að hætta í fótbolta vegna meiðsla og að fá þetta tækifæri er frábært. Að vera að fjalla um þessa deild er draumur að rætast."

## Talar góða íslensku

Bjarni spáir því að deildin verði jafnari en enski boltinn var eina stóra deildin sem bauð upp á kapphlaup um titilinn sem Manchester City vann að lokum með einu stigi eftir ótrúlegan lokasprett gegn Liverpool. „Það var þvílíkt einvígi og maður vonar að það verði fleiri með í ár. Það eru fleiri að opna veskið, mínir menn í Everton og Aston Villa ætla sér hluti. Þetta verður auðvitað barátta milli fárra liða en góðra.

Maður vonar hálfpartinn að þetta gangi hjá Ole Gunnar og Frank Lampard hjá Manchester United og Chelsea. Þar eru spennandi hlutir í gangi en þetta er jöfn deild og mörg lið sem geta gert góða hluti. Það var ótrúlegt að fylgjast með þessu kapphlaupi Manchester City og Liverpool í fyrra og það er gífurleg spenna að vera kominn í hringiðu umfjöllunarinnar því ég á von á spennandi móti."

Bjarni er gífurlega fróður um fótbolta og þekkir íþróttina vel. Hann var jú ekkert valinn af handahófi, hann talar góða íslensku sem skiptir máli í lýsingum og veit hvað er að gerast á vellinum sem hann er spenntur fyrir að skila heim í stofu landsmanna. „Stuðningsmenn enskra liða hér á landi eru auðvitað ótrúlegir. Fróðleikurinn sem þeir vita um sín lið hlýtur að vera nálægt einhverju heimsmeti. Ég hef mikinn áhuga á deildinni og ég veit kröfurnar. Það þýðir lítið að þrasa við þá um tölfræði og annað tengt liðunum sem viðkomandi heldur með. En ég stefni á að koma með þannig inn í lýsingar allavega, af því ég spilaði leikinn og þekki hann, að þá stefni ég á að lýsa því sem fyrir augum ber. Að reyna fá fólk með og það sé smá ástríða í þessu."



> Eiður er einn af okkar dáðustu fótboltasonum og verður reglulegur gestur í sjónvarpi Símans sem er spennandi enda hafsjór af fróðleik.

## Eiður gefur þessu vigt

Enski boltinn er stundum sagður vera þjóðaríþrótt Íslendinga og margir fögnuðu því að Síminn tryggði sér sýningarréttinn. Þeir ætla að hlúa að deildinni og sinna henni af ást og alúð.

„Fólk fær mikið fyrir peninginn. Það fær ekki bara flinka stráka að halda á lofti og svo er farið út á völl þremur mínútum fyrir stórleik. Það verður ekki þannig. Þó svo að fólk viti ekki mikið um liðin sem eru að fara að spila þá á það að fá góða dagskrárgerð beint í æð."

Bjarni er ánægður með teymið sem er á bak við enska boltann. Hann hefur verið í mörgum liðum á ferlinum og kynnst mörgum en hann er ánægður með undirbúningstímabilið. „Síminn er flott fyrirtæki og Tómas er virkilega duglegur og góður í þessu. Það er gott að hann sé að stjórna þessu.

> **Það var ótrúlegt að fylgjast með þessu kapphlaupi Manchester City og Liverpool í fyrra og það er gífurleg spenna að vera kominn í hringiðu umfjöllunarinnar því ég á von á spennandi móti.**
>
> Bjarni Þór Viðarsson

Margrét Lára hefur sterkar skoðanir á fótbolta og Eiður er auðvitað búinn að vinna erlendis í sjónvarpi og þekkir þetta út og inn. Logi er alfræðiorðabók um sjónvarp og ég hef ausið af viskubrunni hans og það eru fínir punktar sem koma frá honum. Hann er ekkert að finna upp hjólið en hann hefur komið með einfalda en góða punkta.

Þetta er nýtt fyrir mér en Eiður Smári gefur þessu mikla vigt. Hann veit alveg alls konar hluti um enska boltann sem hann er góður að skila frá sér."

## Stressið að breytast í spennu

„Það er kominn hrikalegur spenningur í allt fyrirtækið. Það leggjast allir á árarnar að koma þessu til skila í öllum deildum hvort sem um er að ræða okkur í dagskrárdeild, tæknifólk sem hefur lagt endalausa vinnu á sig og svo auðvitað þá sem eru að selja þetta í framlínunni. Stressið er smám saman að breytast í spennu," segir Tómas Þór Þórðarson, ritstjóri enska boltans hjá Símanum.

„Við munum gera allt til þess að hafa þetta flott og það er auðvitað markmiðið að hafa allt í tengslum við ensku úrvalsdeildina eins og allt hjá Símanum.

Við förum svo út á nokkra leiki og reynum svolítið að koma með enska boltann yfir hafið og beint í sjónvarpið hjá fólki. Samstarf okkar við framleiðslufyrirtæki Premier League er strax farið að skila efni en ég tók viðtal við Peter Schmeichel á mánudaginn sem verður notað inn í helgina og kemur svo í heild sinni í viðmótinu okkar eftir helgi."

Tómas segir það ekki vera mjög flókið. Hann sé með stórkostlegt lið með sér, hvort sem það er fyrir framan myndavélarnar eða á bak við þær. Allt er að verða klappað og klárt og aðeins eftir að hnýta nokkra lausa enda fyrir stóra frumsýningardaginn. „Ég veit allavega að ef ég væri bara heima að horfa væri ég meira en spenntur að sjá Eið Smára í fyrsta sinn reglulega í íslensku sjónvarpi sem hluta af svona umfjöllun. Það er alveg ástæða fyrir því að maðurinn er eftirsóttur af öllum stærstu sjónvarpsstöðvum heims. Bjarni Þór og Margrét Lára eru líka frábær. Bæði hafa sterkar skoðanir á fótbolta og nú er bara mitt að láta þau blómstra," segir hann en Tómas færði handboltann á Íslandi upp í nýjar hæðir með þættinum Seinni bylgjan.

Nú er það enski boltinn. „Það verður hálftíma upphitun fyrir hvern leik með heimagerðum innslögum til dæmis og það er eitthvað sem hefur ekki sést áður. Þátturinn Völlurinn, þar sem helgin er gerð upp eftir síðasta leik á sunnudögum, verður með aðeins öðruvísi sniði en hefur tíðkast. Hann er ekki markaþáttur sem slíkur heldur meiri umræðuþáttur. Við verðum svo með sér markaþætti í lok hvers dags þannig að enginn missir af neinu. Laugardagsleikurinn verður í opinni dagskrá þegar sýndur er leikur á þeim tíma og hinir leikirnir koma inn í viðmótið skömmu eftir að þeim lýkur. Svo má líka finna þar mikið af efni sem við höfum fengið frá Premier League til að stytta sér stundir fram að næstu helgi. Þetta er svona brot af þessu."

Það má því með sanni segja að Íslendingar geti farið að reima á sig skóna fyrir enska boltann.



> **Ég veit allavega að ef ég væri bara heima að horfa væri ég meira en spenntur að sjá Eið Smára í fyrsta sinn reglulega í íslensku sjónvarpi sem hluta af svona umfjöllun. Það er alveg ástæða fyrir því að maðurinn er eftirsóttur af öllum stærstu sjónvarpsstöðvum heims.**
>
> Tómas Þór Þórðarson

**239** leikir verða í beinni útsendingu.

**30** leikir verða í opinni dagskrá, laugardagsleikurinn kl. 15.

**80** leikir verða sýndir í beinni útsendingu í 4K sem er í fyrsta skipti á Íslandi.

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Kristín Þorsteinsdóttir | Sölumaður auglýsinga: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, | Veffang: frettabladid.is

# POTTURINN STEFNIR Í

# 75

# MILLJÓNIR

Lottó

LEIKURINN OKKAR

# Ensku liðin áberandi á Stöð 2 Sport í vetur

**Það verður nóg af íþróttaútsendingum í vetur, enda um 2.000 beinar útsendingar frá ýmiss konar viðburðum á hverju ári. Ensku liðin verða áfram í stóru hlutverki.**

Stöð 2 Sport býður upp á gríðarlega mikið af beinum útsendingum frá alls kyns íþróttaviðburðum og tryggir að áskrifendur fái eitthvað fyrir aurinn á hverjum degi. Þó að enska úrvalsdeildin sé ekki lengur á dagskrá býður stöðin enn upp á fjölda beinna útsendinga frá leikjum toppliðanna í enska boltanum, ásamt því að sýna íslenska boltann og leiki spænsku og ítölsku úrvalsdeildanna. En það er ekki bara fótbolti í boði, heldur geta allir íþróttaáhugamenn fundið eitthvað fyrir sig á Stöð 2 Sport.

### Bestu ensku liðin á dagskrá

„Að jafnaði erum við með um 2.000 beinar útsendingar á dagskrá hjá okkur á ári og þar af er mjög mikið af fótbolta," segir Eiríkur Stefán Ásgeirsson, forstöðumaður hjá Stöð 2 Sport. „Við erum enn að sýna fjöldann allan af leikjum bestu liðanna á Englandi því við sýnum Championship deildina, báðar ensku bikarkeppnirnar og verðum áfram með stóru Evrópukeppnir félagsliðanna, Meistaradeildina og Evrópudeildina.

Í þessum deildum keppa bestu lið heims og í vor voru til dæmis ensk úrvalsdeildarlið í úrslitaleikjum Meistara- og Evrópudeildarinnar, þannig að mjög margir af leikjum þessara liða voru á dagskrá hjá okkur," segir Eiríkur. „Við sýndum til dæmis um tuttugu leiki með Manchester City. Svo tekur bikarkeppnin náttúrulega við þegar deildin fer í frí. Við viljum sinna bestu liðum heims eins vel og við getum en til marks um það sýndum við ýmsa æfingaleiki með ensku toppliðunum í sumar og stórt æfingamót, International Champions Cup."

### Úrvalsdeildir, landsleikir og íslenski boltinn

„Við sýnum líka bæði spænsku og ítölsku úrvalsdeildirnar, þar sem mjög margir af bestu fótboltamönnum heims leika listir sínar," segir Eiríkur. „Þegar þetta allt saman fer svo í frí taka landsleikirnir við. Í haust sýnum við til dæmis lokasprett undankeppninnar fyrir Evrópumótið 2020 og þá kemur í ljós hvort Ísland kemst aftur á mótið.

Svo sýnum við líka frá íslensku deildunum. Þetta er búið að vera frábært íslenskt knattspyrnusumar og það hefur verið mikill áhugi á Pepsi Max-deildunum," segir Eiríkur. „Svo tekur karfan og handboltinn við í vetur. Við ætlum að sinna þessu öllu mjög vel áfram."

### Margt fleira í boði

„Fyrir utan knattspyrnuna erum við líka að fara að sýna frá NFL, Formúlu 1 og UFC," segir Eiríkur. „Gunnar Nelson berst í UFC í september en bardaginn fer fram í Kaupmannahöfn og er á besta útsendingartíma.

Við erum líka með allt besta golfið. Við sýnum Evróputúrinn, allar PGA- og LPGA-mótaraðirnar og við verðum með forsetabikarinn í haust," segir Eiríkur. „Við kynntum nýlega nýjan áskriftarpakka, sem kostar núna 7.990 kr. á mánuði. Það er umtalsverð lækkun og nú fylgir Stöð 2 Golf sportpakkanum, en það er líka hægt að fá hana sér.

Svo höfum við líka sýnt frá heimsleikunum í CrossFit og bæði HM og úrvalsdeildinni í pílu, því við erum alltaf að leita að efni til að bæta við," segir Eiríkur. „Þannig pössum við að áskrifendur fái eitthvað fyrir aurinn á hverjum degi. Við sýnum svo mikið af efni að oft þurfa áskrifendur að velja milli viðburða sem eru á dagskrá samtímis."



**Eiríkur segir að Stöð 2 Sport sýni enn fjöldann allan af leikjum bestu liðanna á Englandi. Þar er líka hægt að fylgjast með landsleikjum og íslensku, spænsku og ítölsku úrvalsdeildunum.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Áttu eitt stórkostlegt tímabil

**Af þeim leikmönnum sem standa vaktina í vetur er ljóst að einn mun slá í gegn á þessu tímabili en síðan mun lítið gerast. Fréttablaðið rifjar upp nokkra sem fóru hamförum í aðeins eitt ár.**



## Andy Johnson

**Sköllótta snillingnum frá Crystal Palace tókst að skora 21 sinni tímabilið 2004/2005. Bara Thierry Henry skákaði honum í markaskorun. Síðan fór hann til Everton, Fulham og QPR en mörkin hættu að koma á færibandi.**



## Tony Yeboah

**1995 kom hann til Leeds frá Frankfurt. Spilaði 47 leiki og skoraði 24 mörk, þar af tvö sem voru mörk ársins. George Graham tók svo við og vildi meiri aga á liðið og Yeboah gekk illa. Fór frá liðinu tímabilið eftir.**



## Danny Cadamarteri

**Kom eins og stormsveipur inn í deildina aðeins 17 ára fyrir Everton 1997-1998. Ensku blöðin hófu guttann upp til skýjanna og Cadamarteri réð illa við frægðina sem fylgdi því að skora og leggja upp mörk. Lék heilt ár í kjölfarið án þess að hitta rammann og spilaði fyrir 12 félög á 18 ára ferli sem var aðeins skugginn af fyrsta tímabilinu hans.**



## Michael Ricketts

**Stór og sterkur og var kominn með 13 mörk í deildinni í janúar 2001-2002 tímabilið. Það var ekkert að fara stoppa hann. Valinn í landsliðið og var seldur til Middlesbrough þar sem mörkin og hæfileikarnir voru ryksugaðir burt.**



## Michu

**Hann kom sá og sigraði, þakkaði fyrir sig og fór. Vissulega meiddist hann á ökkla en 18 mörk á hans fyrsta tímabili 2012-2013 er vel gert.**



## Benni McCarthy

**Annar Blackburn-maður á listanum. Skoraði 18 mörk tímabilið 2006-2007 sem var einu marki meira en einhver Ronaldo hjá Manchester United. Eftir það var lítið að frétta. Stýrir nú Cape Town City FC.**



## Wes Morgan

**Þarf ekki einn úr þessu Leicester-liði að vera hér? Lék alla leikina, allar mínúturnar og var eins og klettur á titiltímabilinu. Síðan hefur Morgan verið skugginn af sjálfum sér, ekkert líkur manninum sem vann titilinn 2016.**


ENSKI BOLTINN
4.500 kr.
Enski boltinn er farinn að rúlla á Síminn Sport. Fleiri leikir, UHD-útsendingar ásamt innlendri dagskrárgerð.
Síminn Sport er innifalin í Sjónvarpi Símans Premium, stök áskrift kostar 4.500 kr. á mánuði. Stöðin er aðgengileg á öllum dreifikerfum Símans, Sýnar, Hringdu og Nova.
Þú getur meira með Símanum
Premier League
siminn.is/enski
ICELANDAIR
nettó
HÚSASMIÐJAN
Coca-Cola

# Líklegir til að skjótast upp á stjörnuhimininn

Enska úrvalsdeildin hefst í kvöld og margir ungir og efnilegir leikmenn eru tilbúnir að grípa tækifærið.




**Max Aarons – Norwich**
Nítján ára bakvörður sem var valinn besti ungi leikmaður Championship-deildarinnar með Norwich í fyrra.




**Çağlar Söyüncü – Leicester**
Ætlað að fylla skarð Harry Maguire hjá Leicester, ári eftir að félagið vann kapphlaup um tyrkneska miðvörðinn.




**Douglas Luiz – Aston Villa**
Fyrirliði U23 liðs Brasilíu fær tækifæri að sanna sig á Englandi. Hefur staðið sig vel í efstu deild á Spáni síðustu ár.



**Lloyd Kelly – Bournemouth**
Varnarmaður sem var keyptur á þrettán milljónir punda í ár eftir tvö góð tímabil í Championship-deildinni.



**Rhian Brewster – Liverpool**
Búinn að ná sér af erfiðum meiðslum og mun veita Firmino og Origi samkeppni um framherjastöðuna.




**Reiss Nelson – Arsenal**
Sló í gegn með liði Hoffenheim á láni í Þýskalandi í fyrra. Eftir brotthvarf Alex Iwobi færist Nelson nær liði Arsenal.




**Mason Greenwood – Manchester United**
Solskjær hefur óbilandi trú á ungstirninu Greenwood. Eftir brotthvarf Lukaku fær Greenwood stærra hlutverk í vetur.



**Sean Longstaff – Newcastle**
Lék 9 leiki í deildinni í fyrra og vakti athygli stórliðanna en 50 milljóna punda verðmiði fældi United í burtu.




**Mason Mount – Chelsea**
Þreifst undir stjórn Lampards hjá Derby í fyrra og gæti fengið stórt hlutverk inni á miðjunni hjá Chelsea í vetur.



**Phil Foden – Manchester City**
Braut sér leið inn í lið City undir lok síðasta tímabils og virtist standast þá pressu vel. Fær stærra hlutverk í vetur.




**Tammy Abraham – Chelsea**
Frábær í Championship-deildinni á láni undanfarin ár og fær nú tækifæri til að eigna sér framherjastöðu Chelsea.

# Komnir til að sjá og sigra

Ensku liðin hafa verið dugleg sem fyrr á leikmannamarkaðnum. Flest lið, fyrir utan Newcastle auðvitað, virka betri en í fyrra. Fréttablaðið tók saman nokkra nýja sem gætu gert góða hluti á komandi tímabili.




## Nicolas Pepe

**Arsenal – 72 milljónir punda**

Með ofboðslegan hraða og augu sem bæði sjá hvernig á að búa til færi og skora mörk. Framlína Arsenal er orðin ansi ógnvænleg. Pierre-Emerick Aubameyang, Mesut Özil, Pepe og svo Alexandre Lacazette fremstur. Verði varnarmönnum að góðu í allan vetur. Arsenal gæti gert góða hluti.



## Rodri

**Manchester City – 60 milljónir punda**

Það er alltaf erfitt að bæta lið Manchester City. Pep Guardiola virðist þó hafa fundið góðan mann til að leysa Fernandinho af hólmi. Allir hinir stjórarnir hljóta að hrista hausinn því yfir hvernig í ósköpunum þeir eigi að stoppa meistarana núna þegar þeir virðast aðeins hafa bætt í.



## Sebastian Haller

**West Ham – 45 milljónir punda**

Á rúmum áratug hafa stuðningsmenn West Ham þurft að horfa á 38 framherja leiða framlínuna. Haller hefur margt til brunns að bera og trúlega verður hann í búningi West Ham í langan tíma.




## Christian Pulisic

**Chelsea – 58 milljónir punda**

Bandaríkjamaðurinn er jú eini nýi maðurinn hjá Chelsea og því eru aðdáendur félagsins svolítið spenntir að sjá guttann. Með Hudson-Odoi á meiðslalistanum er Pulisic að fá fullt af mínútum í byrjun.



## Patrick Cutrone

**Wolves – 16 milljónir punda**

Alvöru framherji hjá Úlfunum. Það gæti orðið veisla. Með Diogo Jota og Ruben Neves til að búa eitthvað til fyrir guttann. Úlfarnir buðu opinn faðm og það er eitthvað sem segir að þetta verði einstakt ástarsamband.



## Dani Ceballos

**Arsenal – Að láni**

Vissulega bara að láni en Arsenal virðist hafa náð í spikfeitan bita. Real Madrid hafði engan áhuga að selja og vildi varla lána hann enda þegar orðinn stjarna í heimalandinu. Hver veit. Kannski slær hann Özil út.




## Tanguy Ndombele

**Tottenham – 55,5 milljónir punda**

Tottenham keypti mann. Því ber að fagna. Góður á boltanum en enn betri án bolta samkvæmt miðlum ytra. Harður í horn að taka og er eiginlega akkúrat maðurinn sem félagið þurfti. Góð viðbót við liðið.



## Wesley Moraes

**Aston Villa – 22 milljónir punda**

Moraes á merkilega sögu. Missti föður sinn aðeins 9 ára og varð sjálfur pabbi 15 ára. 17 mörk og 10 stoðsendingar á síðustu leiktíð, vissulega í Belgíu, en frammistaða hans gæti ráðið úrslitum fyrir Villa.



Margir en ekki nógu góðir. Lindelof, Dalot, Smalling, Rojo, Phil Jones og Ashley Young í góðu stuði í æfingaferðinni í sumar. Þeir munu trúlega ekki mikið spila í vetur nema kannski Lindelof.

# Bannað að leka mörkum

Manchester United hefur 14 varnarmenn á sínum snærum sem kostuðu félagið 323 milljónir punda. Það eru ansi margar íslenskar krónur. Sé markvörðurinn tekinn með og sá sem á að verja vörnina þá er upphæðin mun hærri. Það ætti eiginlega að vera bannað fyrir liðið að fá á sig mark.

Manchester United er með óeðlilega dýra leikmenn til að passa að liðið fái ekki á sig mark. Varnarlínan telur nú heila 14 leikmenn sem kostuðu félagið 323 milljónir punda. Það eru svo margar íslenskar nýkrónur að það er varla hægt að breyta þessu. Fyrir aftan vörnina er svo David de Gea sem kostaði um 18 milljónir punda og sá sem á að verja vörnina er yfirleitt Nemanja Matic sem kostaði 35 milljónir punda.

Enda þarf að stoppa í götin. Varnarleikur liðsins í fyrra var oft á tíðum ansi spaugilegur og hélt David de Gea markinu hreinu aðeins sjö sinnum. Það er það sama og Brighton og Southampton. Reyndar var það þannig að aðeins Fulham og Huddersfield héldu markinu sínu sjaldnar hreinu á síðasta tímabili.

Harry Maguire og Aaron Wan-Bissaka eru komnir inn og er vonast eftir því að Maguire og Victor Lindelof myndi nýtt miðvarðapar sem stuðningsmenn geti verið stoltir af. Það er eins og það sé ansi langt síðan Rio Ferdinand og Nemanja Vidic voru saman til að stöðva sóknarmenn andstæðinganna.

Luke Shaw verður væntanlega vinstri bakvörður og er því varnarlínan ansi dýr í fyrsta leik eða um 200 milljónir punda. Þess má geta að varnarlína Liverpool kostaði 143 milljónir punda í fyrra. Munar þar ansi miklu að Joel Matip kom ókeypis og Trent Alexander-Arnold er uppalinn.

Eric Bailly er meiddur og verður lengi frá en það er nóg af mönnum til að taka sæti hans á bekknum sé litið yfir leikmannahópinn. Gallinn er að þar er enginn gæðaleikmaður sem kemur inn. Phil Jones, Marcos Rojo og Chris Smalling eru ekki leikmenn sem stuðningsmenn vilja sjá.

Þegar blaðið fór í prentun í gær var Manchester-liðið ekki búið að losa sig við neinn varnarmann og því munu 14 leikmenn berjast um fjögur byrjunarliðssæti – sem kostuðu félagið 323 milljónir punda.

## Varnarmenn Manchester United og verð

- **Harry Maguire** - 80 milljónir
- **Aaron Wan-Bissaka** - 50 m
- **Eric Bailly** - 34,2 m
- **Luke Shaw** - 33,75 m
- **Victor Lindelof** - 31,5 m
- **Diogo Dalot** - 19,8 m
- **Phil Jones** - 17,37 m
- **Marcos Rojo** - 17 m
- **Matteo Darmian** - 16,2 m
- **Ashley Young** - 16,2 m
- **Chris Smalling** - 7,2 m
- **Timothy Fosu-Mensah** - 342 þúsund pund
- **Axel Tuanzebe** - uppalinn
- **Cameron Borthwick-Jackson** - uppalinn



Harry Maguire er kominn til að stoppa í götin á vörn Manchester United.


Slepptu þynnkunni með After Party™

- Náttúruleg lausn við timburmönnum
- Er fyrirbyggjandi með því að vinna á móti vökvatapi sem verður við áfengisneyslu.
- Dregur úr þreytu og óþægindum
- Inniheldur amínósýrur, Rósepli, Cactus extract, öfluga blöndu af B-vítamínum og Magnesíum.
- Taktu 2 töflur fyrir fyrsta drykk og 2 töflur fyrir svefn.

Fæst í apótekum, heilsubúðum og stórmörkuðum.



VOTTAÐIR HÁGÆÐA
VARAHLUTIR
SÍÐAN 1962



# VARAHLUTIR OG BÍLAVÖRUR Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI

Rekstrar-vörur




Bón og hreinsivörur




Garða- og tómstundakerrur frá:
**149.900 kr.**





## 7 verslanir um land allt

**Bílanaust**
Á FULLRI FERÐ

**Sími 535 9000**
Skoðaðu vöruúrvalið á **www.bilanaust.is**

STÓRVERSLUN DVERGSHÖFÐA 2
110 Reykjavík
S. 535 9000

Vatnagörðum 12
104 Reykjavík
S. 535 9000

Dalshrauni 17
220 Hafnarfirði
S. 555 4800

Hafnargötu 52
230 Reykjanesbæ
S. 421 7510

Hrísmýri 7
800 Selfossi
S. 482 4200

Furuvöllum 15
600 Akureyri
S. 535 9085

Sólvangi 5
700 Egilsstöðum
S. 471 1244

www.bilanaust.is



# Marktækar tölur fortíðarinnar

Nú í upphafi tímabils er ekki úr vegi að skoða aðeins tölur fortíðarinnar þar sem sést hversu ógurlegur leikmaður Frank Lampard var í hinum bláa búningi Chelsea. Gareth Barry, einkavinur Matthíasar Guðmundssonar, er sá leikjahæsti í sögunni og kóngurinn Alan Shearer er sá markahæsti. Það ógnar honum enginn.

**13** mörk skoraði Paul Pogba. Hann kom að 22 mörkum fyrir félagið og var með sína bestu tölfræði á atvinnumannsferli sínum. Margir gætu sagt að hann hafi átt bestu leiktíð sína frá upphafi þótt ekki séu allir sammála því.

**96,6** milljónir punda fékk Huddersfield í verðlaunafé. Þeir voru eina liðið sem fékk ekki yfir 100 milljónir punda. Liverpool fékk mest í sinn hlut eða 152,5 milljónir en alls var útdeilt 2,45 milljörðum punda.

**6** leikmenn Arsenal hafa skorað yfir 20 mörk á tímabili. Pierre-Emerick Aubameyang varð sá sjötti.

**4** sinnum í röð hefur Tottenham endað í topp fjórum sem er besti árangur þeirra síðan 1959-60 að 63-64 tímabilinu.

**7,69** sekúndur tók það Shane Long að skora gegn Watford í apríl. Það er met. Þess má geta að Watford byrjaði með boltann.

**3** voru jafnir með 22 mörk. Aubameyang, Sadio Mane og Mo Salah. Slíkt hafði ekki gerst hálfan annan áratug síðan Dwight Yorke, Michael Owen og Jimmy Floyd Hasselbaink voru markahæstir.

**0** sinnum braut lið Úlfanna af sér í leik gegn Brighton. Það hafði ekki gerst síðan leiktíðina 2003-2004.

**44%** kom Salomon Rondon að mörkum Newcastle í fyrra. Hann er horfinn á braut.

**131** sinni breytti Manchester United um byrjunarliðið – sem var 15 sinnum oftar en Tottenham. Burnley gerði fæstar breytingar eða 49.

**78** spjöld fóru á loft til Watford-liðsins og voru þeir skaphundar deildarinnar. Rétt unnu Manchester United sem fékk 77 spjöld. Liverpool var prúðasta liðið með aðeins 39 spjöld.

## Töff tölfræði sögunnar

**Leikir**
Gareth Barry – 653
Ryan Giggs – 632
Frank Lampard – 609
David James – 572
Gary Speed – 535
Emile Heskey – 516
James Milner – 516

**Mörk**
Alan Shearer – 260
Wayne Rooney – 208
Andrew Cole – 187
Frank Lampard – 177
Thierry Henry – 175
Sergio Agüero – 164
Robbie Fowler – 163

**Stoðsendingar**
Ryan Giggs – 162
Cesc Fàbregas – 111
Wayne Rooney – 103
Frank Lampard – 102
Dennis Bergkamp – 94
Steven Gerrard – 92
David Silva – 83

**Oftast haldið hreinu**
Petr Cech – 161
Joe Hart – 127
Tim Howard – 116
Pepe Reina – 114
David de Gea – 100
Hugo Lloris – 86
Simon Mignolet – 80

**Flestir sigrar**
Manchester United – 648
Arsenal – 565
Chelsea – 558
Liverpool – 529
Spurs – 446

**Flest töp**
Everton – 365
West Ham – 364
Newcastle – 340
Tottenham – 335
Aston Villa – 333

## Tímabilið í fyrra

**Markahæstir**
- Pierre-Emerick Aubameyang, Arsenal – 22
- Sadio Mané, Liverpool – 22
- Mohamed Salah, Liverpool – 22
- Sergio Agüero, Manchester City – 21
- Jamie Vardy, Leicester City – 18

**Stoðsendingar**
- Eden Hazard, Chelsea – 15
- Ryan Fraser, Bournemouth – 14
- Trent Alexander-Arnold, Liverpool – 12
- Christian Eriksen, Tottenham Hotspur – 12
- Andrew Robertson, Liverpool – 11

**Héldu oftast hreinu**
- Alisson, Liverpool – 21
- Ederson, Manchester City – 20
- Kepa Arrizabalaga, Chelsea – 14
- Jordan Pickford, Everton – 14
- Hugo Lloris, Tottenham Hotspur – 12

**Lið ársins**
**Markvörður:** Ederson
**Vörn:** Trent Alexander-Arnold, Aymeric Laporte, Virgil van Dijk, Andrew Robertson
**Miðja:** Bernardo Silva, Fernandinho, Paul Pogba
**Sókn:** Raheem Sterling, Sergio Agüero, Sadio Mané

**Verðlaun síðasta árs**
**Knattspyrnustjóri ársins:** Pep Guardiola
**Leikmaður ársins:** Virgil van Dijk
**Mark ársins:** Andros Townsend
**PFA leikmaður ársins:** Virgil van Dijk
**PFA ungi leikmaður ársins:** Raheem Sterling
**PFA besti leikmaður stuðningsmanna:** Eden Hazard

# HÓPFERÐIR Á ENSKA

Nánari upplýsingar um ferðirnar og sala er á **visitor.is**

Manchester United vs. Arsenal
**29. sep.-2. okt.** • Verð frá 139.900*

Liverpool vs. Leicester City
**4.-7. okt.** · Verð frá 149.900*

Arsenal vs. Crystal Palace
**25.-28. okt.** · Verð frá 129.900*
**10.000 kr. afsláttur** fyrir félaga í stuðningsmannaklúbbi Arsenal

Liverpool vs. Manchester City
**8.-11. nóv.** · Verð frá 159.900*

Manchester United vs. Brighton & Hove Albion
**8.-11. nóv.** • Verð frá 129.900*

Liverpool vs. Tottenham Hotspur
**25.-28. okt.** · Verð frá 159.900*

Manchester United vs. AVFC
**29. nóv.-2. des.** · Verð frá 129.900*

Arsenal vs. Manchester City
**13.-16. des.** · Verð frá 139.900*
**10.000 kr. afsláttur** fyrir félaga í stuðningsmannaklúbbi Arsenal

*Innifalið: flug og farangursheimildir með Icelandair, rúta til og frá flugvelli, 4 stjörnu hótelgisting með morgunverði, miði á leikinn og íslensk fararstjórn.

**Visitor**
FERÐASKRIFSTOFA

Í ÞJÓNUSTU 11 ára SÍÐAN 2008

Visitor ferðaskrifstofa | Hlíðasmára 8, 201 Kópavogur | Sími 578 9888 · visitor.is

# Myndbandsdómgæsla notuð í vetur

Í fyrsta sinn verður notast við myndbandsdómgæslu (e. video assistant referee) í leikjum ensku úrvalsdeildarinnar í vetur.

Samþykkt var á fundi síðasta vetur að innleiða myndbandsdómgæslu frá og með þessu tímabili og verður Andre Marriner fyrsti myndbandsdómarinn í kvöld þegar hann verður Michael Oliver og dómarateyminu til aðstoðar á Anfield á meðan á leik Liverpool og Norwich stendur.

Nítján mánuðir eru liðnir síðan myndbandsdómgæsla var í fyrsta sinn notuð á Englandi í bikarleik Brighton og Crystal Palace og velgengni þess leiddi til þess að myndbandsdómgæsla var notuð í flestum deildabikar- og bikarleikjum á Englandi á síðasta tímabili. Þá var tæknin notuð í útsláttarkeppni Meistaradeildar Evrópu í vor og er komin í gagnið í efstu deild Þýskalands, Ítalíu, Frakklands og á Spáni.

Myndbandsdómgæsla reyndist skilja liðin Manchester City og Tottenham að í átta liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu á síðustu leiktíð. Þá virtist Raheem Sterling hafa tryggt Manchester City sigurinn í uppbótartíma en mark hans var flautað af vegna rangstöðu í aðdraganda marksins.




**Allir vellir úrvalsdeildarinnar nema Old Trafford og Anfield eru með skjái sem munu sýna áhorfendum hvað verið er að skoða.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Villa virkast á markaðnum

Nýliðar Aston Villa voru manna duglegastir á leikmannamarkaðnum á fyrsta ári sínu í efstu deild eftir þriggja ára fjarveru. Alls komu tólf leikmenn inn um dyrnar á Villa Park í Birmingham og kostaði þetta félagið rúmlega 140 milljónir punda.

Dean Smith sem tók við liði Villa síðasta haust tókst að koma liðinu upp í ensku úrvalsdeildina á ný í fyrstu tilraun og nýtur trausts stjórnar félagsins. Fékk hann heimild til að styrkja liðið á öllum vígstöðvum vallarins og keypti tvívegis leikmenn fyrir met fjár.

Það er hins vegar ljóst að það tryggir ekki árangur að eyða peningum. Fulham sem var nýliði í efstu deild í fyrra eyddi rúmlega hundrað milljónum punda í tólf leikmenn síðasta sumar og fór beint niður í fyrstu tilraun.



**Kuldalegur Jürgen Klopp í vetur.**
NORDICPHOTOS/GETTY

## Vetrarhlé í fyrsta sinn á Englandi

Í fyrsta sinn í ensku úrvalsdeildinni er búið að ákveða að lið í deildinni fái tíu daga hvíld yfir vetrartímann til að takast á við leikjaálagið sem fylgir liðum í efstu deild. Kemur það niður á fimmtu umferð ensku bikarkeppninnar sem fer fram á virkum degi og búið er að blása af að liðin þurfi að mætast á ný ef ekki tekst að útkljá leikinn í venjulegum leiktíma.

Um árabil hafa erlendir knattspyrnustjórar kallað eftir því að deildarkeppnin taki upp vetrarfrí eins og þekkist í flestum stærstu deildum Evrópu. Þjálfarar enska landsliðsins hafa yfirleitt tekið í sama streng í von um að minnka hættuna á meiðslum en rík hefð fyrir knattspyrnu á Englandi yfir jólavertíðina hefur komið í veg fyrir það.

Tíu leikja umferð í febrúar verður deilt á tvær helgar sem veitir öllum liðunum tíu daga frí í febrúar og er yfirmaður enska knattspyrnusambandsins, Martin Glenn, vongóður um að það hafi góð áhrif á enska landsliðið fyrir Evrópumótið næsta sumar.

„Það hefur staðið til lengi að koma að vetrarhléi í úrvalsdeildinni og ég held að enska landsliðið og liðin sem keppa í Evrópukeppnunum í vor muni njóta góðs af þessu hléi.“



Frjáls framlög — enginn kostnaður!

SAMFERÐA GÓÐGERÐARSAMTÖK

# VILTU GLEÐJA FORELDRA LANGVEIKRA BARNA EÐA FJÖLSKYLDUR ÞAR SEM FORELDRI ER AÐ GLÍMA VIÐ LÍFSÓGNANDI SJÚKDÓM?

Hjá okkur í Samferða er enginn kostnaður og allt rennur óskert til þeirra sem þurfa svo sannarlega á að halda.

Þú getur hringt í eftirtalin númer:

907 1081 – 1.000 kr.
907 1083 – 3.000 kr.
907 1085 – 5.000 kr.
907 1090 – 10.000 kr.



Þú finnur okkur á Facebook – ekki hika við að fylgja okkur þar, við gerum góðverk í hverjum mánuði fyrir íslensku þjóðina.

www.facebook.com/samferdafoundation



Góð morgunrútína gefur tóninn fyrir afkastamikinn dag.

## Mikilvægi morgunrútínu

Eitt af því sem margir af farsælustu frumkvöðlum heims eiga sameiginlegt er metnaðarfull morgunrútína. Sú einfalda athöfn að búa um rúmið sitt á morgnana er til dæmis mjög áhrifarík en það gefur tóninn fyrir daginn og hefur þannig áhrif á það hversu afkastamikil/l þú verður það sem eftir er dags. Hérna eru nokkur atriði sem hjálpa manni að byrja daginn vel.

1) Ekki ýta á snooze.
2) Búðu strax um rúmið þitt.
3) Ekki kíkja strax á símann, fáðu þér fyrst vatnsglas.
4) Komdu blóðflæðinu af stað, t.d. með því að teygja.
5) Hafðu morgunmatinn og föt dagsins tilbúin.

Á veturna er svo fátt betra en að taka til fötin og geyma þau á ofninum yfir nóttina. Þá er líka gott að nýta morgunkyrrðina í að hugleiða, lesa og skrifa.



Aspars sem er umvafinn beikoni er léttur og góður hádegisverður.

## Grillaður aspars með beikoni

Þetta er meiriháttar smáréttur eða meðlæti með grillmat. Grænn aspars sem beikon er vafinn um og glasseraður með sírópi. Þennan rétt má líka borða með spældu eggi í hádeginu. Uppskriftin ætti að duga fyrir fjóra.

**24 grænir, ferskir asparsstönglar**
**8 sneiðar beikon**
**2 msk. hlynsíróp**

Skerið neðsta partinn frá, það eru um það bil 2 cm. Gott er að beygja asparsinn og þar sem hann er harðastur neðst og bognar er best að skera hann. Fínt að hafa það til hliðsjónar. Sumir skræla stöngulinn en öðrum finnst það óþarfi. Bara eftir smekk hvers og eins.

Takið þrjá asparsa og vefjið einni sneið af beikon um þá. Endurtakið þar til allir eru komnir með beikon. Setjið á heitt grillið og leyfið að vera þar til beikonið verður stökkt og hefur fengið fallegan lit. Snúið af og til. Penslið sírópinu yfir á síðustu steikarmínútunum. Gætið þess að þetta brenni ekki.

# Moltugerð í eldhúsinu

Bokashi-tunnur eru litlar tunnur ætlaðar til moltugerðar. Bokashi er japönsk moltunaraðferð sem býr til moltu í loftþéttri tunnu sem geyma má innandyra. Aðferðin bindur gróðurhúsalofttegundir sem annars losna í klassískri moltugerð og urðun lífræns úrgangs. Það má setja nánast allan lífrænan úrgang í bokashi-tunnuna, meðal annars kjöt og mjólkurvörur sem henta ekki í allar moltutunnur.

Örverulíði er blandað saman við matarleifarnar til að hjálpa til við að brjóta þær niður. Þegar tunnan er full er innihaldið látið gerjast í tvær til fjórar vikur. Það er svo grafið úti í garði, sett í lífrænt rusl eða í moltutunnu. Þetta er einföld aðferð sem flestir ættu að geta nýtt sér hvort sem fólk er með garð eða ekki.



**Lífrænn úrgangur.** NORDICPHOTOS/GETTY



Sími: 411 5000
www.itr.is

## Bílar & Farartæki

SUZUKI




Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar. Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum til flestar stærðir á lager.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is**

## Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-350þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

## Þjónusta

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Litið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Bólstrun

**Svampur.is**
Bjóðum uppá sérsniðnar svampdýnur og bólstrun fyrir:
- *Tjaldvagninn* • *Fellihýsið*
- *Húsbílinn* • *Bátinn*
- *Hjólhýsið* • *Sumarhúsið*
- *Heimilið o.m.fl!*

**Fljót og góð þjónusta**
Svampur.is • Vagnhöfða 14 Reykjavík
Símar 567 9550 og 858 0321

### Pípulagnir

Pípulagnaþjónustan oje 780-3939. Allt almennt viðhald og breytingar. Dren, frárennsli.

### Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga, klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

### Húsaviðhald

**HÚSAVIÐGERÐIR**
**ENDURBÆTUR OG NÝSMÍÐI**
- Smíðavinna
- Múrvinna
- Málningarvinna

☎ 788 8870
eind@eind.is
*Eind* ehf

## Keypt & Selt

### Til sölu



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**
Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar




## Heilsa

### Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

Herb. til leigu á svæði 201. Með aðgangi að eldh., baðherb. og þvottavél. Uppl. í síma 893 3475

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

## Atvinna

### Atvinna í boði

Help needed on Restaurant, CV send on magnusingi@gmail.com

## Tilkynningar

### Fundir

**AÐALFUNDUR SÁLARRANNSÓKNARFÉLAGS ÍSLANDS.**
Aðalfundur Sálarrannsóknarfélags Íslands verður haldinn í húsakynnum félagsins að Hamraborg 1, Kópavogi mánudaginn 12. ágúst 2019 kl. 19:00
**Dagskrá samkvæmt lögum félagsins.**






## Fasteignir

**Íbúðaeignir**

Síðumúli 13 - 108 Reykjavík - S. 577 5500 - **ibudaeignir.is**

**Halldór Már Sverrisson**
Viðskiptafræðingur
Löggiltur fasteignasali
Löggiltur leigumiðlari
**898 5599**
**halldor@ibudaeignir.is**

### KIRKJUSANDUR 1 - 93,6 FM ÍBÚÐ Á 2. HÆÐ






**Til sölu glæsileg 3ja herbergja 93,6 fm íbúð á 2. hæð við Kirkjusand 1 í 105 Reykjavík með fallegu útsýni yfir sjóinn.**
Komið er inn í lokað sameiginlegt fremra anddyri. Forstofa með góðum skápum úr maghonývið. Gengið inn í bjart og fallegt alrými sem saman stendur af eldhúsi, borðstofu og stofu.
Eldhúsið er opið og bjart með vandaðri maghonýinnréttingu, ljósum flísum og borðplötu, ofn í vinnuhæð, flísar á milli efri og neðri skápa. Fallegt útsýni er frá eldhúsi með opnalegum rennanlegum gluggum. Hjónaherbergi og auka svefnherbergi með skápum.
Baðherbergi er vandað með sturtuklefa með nuddi. Þvottahús er innan íbúðar. Sérgeymsla og sameiginleg hjólageymsla, sameiginleg líkamsræktarstöð. Stæði í bílageymslu.
Með eigninni fylgir hluti í séreign sem er í eigu húsfélagsins sem er húsvarðaríbúð, svo og rými sem er leigt út fyrir snyrtistofu og fara leigutekjur upp í hússjóð. Mjög stór lóð er í kringum húsnæðið, þar er m.a. púttvöllur. Húsvörður er í húsinu. Falleg og vönduð eign á góðum stað í Reykjavík.

**Allar nánari upplýsingar veita á og utan opnunartíma:**
**Halldór Már, löggiltur fasteignasali í síma 898-5599 eða halldor@ibudaeignir.is**

## Til leigu

# Veitingarými til leigu




**Á besta stað í bænum, við Hverfisgötu 4-6**
**með útsýni yfir Arnarhól og Hörpuna.**
**Glæsilegt húsnæði fullbúið til veitingareksturs,**
**með fyrsta flokks tækjum.**
**Allar nánari upplýsingar veittar á netfanginu ritari.rvk@gmail.com**

## RÁÐGJÖF

Að gera betur í dag en í gær
er drifkraftur nýrra hugsana
og betri árangurs.

## RÁÐNINGAR

Starfsmenn eru lykill
að árangri allra fyrirtækja.

## RANNSÓKNIR

Rannsóknir auka þekkingu
og gera ákvarðanir markvissari



**Intellecta** er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

**Intellecta ehf.** Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta







# HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.

Fylgstu með á frettabladid.is

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook og Instagram

FRETTABLADID.IS

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Föstudagur

| | | |
|---|---|---|
| Reykjavík | 13 °C | 6 ↙ |
| Ísafjörður | 4 °C | 6 ↙ |
| Akureyri | 8 °C | 7 ↓ |
| Egilsstaðir | 12 °C | 5 ↘ |
| Kirkjubæjarkl | 13 °C | 0 ○ |
| Hveravellir | 4 °C | 6 ↙ |

Norðlæg átt 5-13 m/s. Lengst af rigning eða súld á Norður- og Austurlandi, hiti 5 til 10 stig. Yfirleitt léttskýjað sunnan heiða með hita 12 til 17 stig yfir daginn.

## Laugardagur

| | | |
|---|---|---|
| Reykjavík | 11 °C | 8 ↙ |
| Ísafjörður | 3 °C | 9 ↙ |
| Akureyri | 6 °C | 8 ↓ |
| Egilsstaðir | 10 °C | 8 ↘ |
| Kirkjubæjarkl | 13 °C | 1 ↓ |
| Hveravellir | 2 °C | 9 ↓ |

## Sunnudagur

| | | |
|---|---|---|
| Reykjavík | 10 °C | 6 ↓ |
| Ísafjörður | 4 °C | 5 ↓ |
| Akureyri | 3 °C | 4 ↘ |
| Egilsstaðir | 5 °C | 6 ↘ |
| Kirkjubæjarkl | 13 °C | 6 ↓ |
| Hveravellir | 4 °C | 10 ↓ |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 2 | 6 | 1 | 3 | 7 |
| 2 | 9 | | 3 | | 7 | | 4 | |
| | | | 5 | | | 6 | | |
| | 1 | | | 8 | | 3 | 2 | |
| 5 | 8 | | 6 | | | 4 | | |
| | | 7 | 1 | 9 | | 8 | 5 | |
| | | 1 | | | | | | |
| | | | | | 3 | | 1 | |
| 4 | 5 | 2 | | | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 8 | 1 | | | 2 | | |
| 3 | | | 2 | | 4 | 9 | 8 | |
| | | | 3 | | | 4 | 6 | 5 |
| | | 1 | | 9 | 8 | | | |
| | | | 5 | | 1 | | | 9 |
| 4 | | | 6 | | 7 | 3 | | |
| | | | | 5 | 2 | | | |
| | 2 | | | | | 5 | 7 | |
| | | 7 | | | | | 2 | 3 |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | 1 | | 3 | | 6 | |
| | 2 | | 6 | | | 7 | | |
| 1 | 5 | | 4 | | 7 | | 8 | 2 |
| 6 | | 5 | | | | | | |
| | 3 | 8 | | | 6 | | | |
| | 7 | | | 1 | 4 | 6 | | |
| 5 | | 1 | | | | | 4 | |
| | | | | | 9 | | | 3 |
| 8 | | | | 4 | | 9 | 2 | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1 Mislíka
5 Kjafi
6 Skóli
8 Seinni
10 Titill
11 Málmur
12 Grunnur
13 Étandi
15 Ónæði
17 Flugfar

**LÓÐRÉTT**
1 Ávítar
2 Heimur
3 Upptök
4 Uppskrift
7 Tál
9 Dugur
12 Svaml
14 Droll
16 Tveir eins

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1 sárna, 5 kló, 6 fg, 8 aftari, 10 ma, 11 tin, 12 botn, 13 ætur, 15 röskun, 17 flaug.
**LÓÐRÉTT:** 1 skammar, 2 álfa, 3 rót, 4 afrit, 7 ginning, 9 atorka, 12 busl, 14 töf, 16 uu.

## Skák Gunnar Björnsson

Farago átti leik gegn Kallai í Búdapest árið 1992.

**1. Dxe4! Rxe4?** (1.... Dd7! og svartur getur varist peði undir.) **2. Hxg7+ Kh8 3. Hg3+ Rf6 4. Hxh3 1-0.** Ágætlega gengur hjá íslensku ungmennunum á EM ungmenna sem fram fer í Bratislava í Slóvakíu.

**www.skak.is:** EM ungmenna.

**Hvítur á leik**



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 9 | 7 | 8 | 3 | 5 | 2 | 4 | 6 |
| 2 | 4 | 5 | 9 | 6 | 7 | 1 | 3 | 8 |
| 8 | 6 | 3 | 1 | 4 | 2 | 9 | 5 | 7 |
| 3 | 7 | 1 | 6 | 5 | 4 | 8 | 9 | 2 |
| 4 | 5 | 8 | 2 | 7 | 9 | 3 | 6 | 1 |
| 9 | 2 | 6 | 3 | 8 | 1 | 4 | 7 | 5 |
| 5 | 1 | 9 | 4 | 2 | 6 | 7 | 8 | 3 |
| 6 | 3 | 2 | 7 | 9 | 8 | 5 | 1 | 4 |
| 7 | 8 | 4 | 5 | 1 | 3 | 6 | 2 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 1 | 5 | 8 | 4 | 6 | 9 | 3 | 7 |
| 6 | 8 | 9 | 3 | 5 | 7 | 2 | 1 | 4 |
| 3 | 7 | 4 | 1 | 2 | 9 | 5 | 6 | 8 |
| 7 | 2 | 1 | 6 | 8 | 3 | 4 | 5 | 9 |
| 5 | 6 | 8 | 9 | 7 | 4 | 1 | 2 | 3 |
| 9 | 4 | 3 | 5 | 1 | 2 | 7 | 8 | 6 |
| 4 | 3 | 2 | 7 | 6 | 5 | 8 | 9 | 1 |
| 8 | 9 | 7 | 2 | 3 | 1 | 6 | 4 | 5 |
| 1 | 5 | 6 | 4 | 9 | 8 | 3 | 7 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 9 | 4 | 5 | 1 | 6 | 8 | 2 |
| 5 | 8 | 4 | 6 | 7 | 2 | 9 | 3 | 1 |
| 6 | 1 | 2 | 3 | 8 | 9 | 4 | 5 | 7 |
| 4 | 5 | 1 | 2 | 3 | 8 | 7 | 6 | 9 |
| 9 | 2 | 7 | 5 | 6 | 4 | 8 | 1 | 3 |
| 8 | 6 | 3 | 1 | 9 | 7 | 2 | 4 | 5 |
| 7 | 3 | 6 | 8 | 2 | 5 | 1 | 9 | 4 |
| 1 | 9 | 5 | 7 | 4 | 6 | 3 | 2 | 8 |
| 2 | 4 | 8 | 9 | 1 | 3 | 5 | 7 | 6 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman







# ÚTSALAN ER HAFIN!

ALLT AÐ

# 50% AFSLÁTTUR!

STÓRLÆKKAÐ VERÐ Á YFIR 1000 TÖLVUVÖRUM

tl.is

TÖLVU LISTINN

REYKJAVÍK AKUREYRI HÚSAVÍK EGILSSTAÐIR REYKJANESBÆR SELFOSS AKRANES

# Ný uppskera!




**359** kr./500 g

**Leynir Gulrætur**
500 g




**359** kr./1 kg

**Íslenskar kartöflur**
Gullauga eða rauðar, 1 kg

## Vistvænni vörur

eco By GreenTree




**259** kr./stk.

**Eco Barnatannbursti**
Bambus




**298** kr./stk.

**Eco Tannbursti**
Bambus




**259** kr./pk.

**Eco Sogrör**
Pappír

## Margnota púðar
í stað einnota bómullarskífa




**1.798** kr./pk.

**Eco Hreinsipúðar**
Margnota, 14 stk.




**198** kr./pk.

**Eco Eyrnapinnar**
Bambus og bómull, 200 stk.




**259** kr./450 g

**ES Bláberjasulta**
450 g

**198** kr./450 g

**ES Appelsínu Marmelaði,** 450 g
**ES Apríkósusulta,** 450 g

## Fyrir sultugerðina




**129** kr./stk.

**Koop Sultukrukka**
Gler, 370 ml

Aðeins **98 kr.** flaskan




**588** kr./6x1 l

**Coca-Cola eða Coca-Cola Zero**
Kippa, 6x1 lítri

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




**Foreldað**
Aðeins að hita

**1.598 kr./stk.**

**Bónus Súpur**
1-1,2 kg, 5 tegundir

**ÍSLENSKT**
Lambakjöt




**1.495 kr./kg**

**SS Lambalæri**
Með kryddjurtum




**1.798 kr./kg**

**SG Grísakótelettur í raspi**
Foreldaðar, beinlausar

STJÖRNU GRÍS



**1.198 kr./kg**

**SG Bayonneskinka**
Úr læri, nýreykt




**1.998 kr./kg**

**Fisherman Lax**
Frosinn, beinhreinsaður




**1.298 kr./kg**

**Fisherman Þorskhnakkar**
Frosnir, roð- og beinlausir




**998 kr./kg**

**Fisherman Þorskur**
Frosinn, roð- og beinlaus




**1.098 kr./kg**

**Fisherman Ýsa**
Frosin, roð- og beinlaus

# BÓNUS

EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:00 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00
**Bónus Smáratorgi og Skeifunni:** Mánudaga-Laugardaga; 10:00-19:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00

# Lestrargleði á sumrin

**Mikil og merkileg breyting hefur orðið á bókaútgáfu á Íslandi og útgáfa um vor og sumar er í blóma. Bryndís Loftsdóttir er æði fróð um þessa þróun í útgáfunni.**



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Breyting hefur orðið á bókaútgáfu á Íslandi. Hér áður fyrr fór lítið fyrir annarri útgáfu en rétt fyrir jólin, en fyrir allnokkrum árum spratt upp blómleg vorútgáfa. Í dag má allt eins tala um sumarútgáfu því skyndilega eru bækurnar farnar að koma út í júlí, þar á meðal ný íslensk skáldverk. Blaðamaður náði tali af Bryndísi Loftsdóttur, starfsmanni Félags íslenskra bókaútgefenda, og forvitnaðist um þessar breytingar.

„Þegar vorútgáfa hófst á sínum tíma var hún tilraun bókaútgefenda til að jafna söluna yfir árið og auka útgáfu og sölu á vasabrotsbókum. Á sama tíma fór sala á innbundnum þýðingum fyrir jól minnkandi og færðist því yfir í kiljur sem komu út á vorin. Um páskana verður venjulega sprenging í útgáfu, glæpasögur hafa verið mest áberandi á þessum tíma auk þess sem bækur íslenskra höfunda, sem gengu vel árið á undan, koma þá einnig út í kiljuformi. Nú erum við svo að sjá nýjan útgáfuhnykk um mánaðamótin júní-júlí þegar enn fleiri nýjar bækur streyma á markað. Þetta helst í hendur við að þjóðin fer í sumarfrí og slakar á við lestur. Lestrargleði Íslendinga á sumrin hefur hjálpað útgáfunni,“ segir Bryndís.

### Krakkar vilja nýtt efni

Hún segir hlut íslenskra höfunda í vor- og sumarútgáfu hafa aukist. „Áherslan er oft á ný nöfn. Það er mikið kapp og barátta fyrir jól og erfitt fyrir unga höfunda að komast í kastljósið. Vor og sumar hefur reynst góður tími til að gefa verk nýrra eða ungra höfunda út í kilju.

> **NÚNA ER SALAN MUN JAFNARI, FLEIRI KAUPA BÆKUR FYRIR SJÁLFA SIG OG EKKI ER LENGUR GERÐ SÚ KRAFA AÐ GJAFABÆKUR VEGI Á VIÐ HÁLFAN DILKSSKROKK.**

Það koma reyndar líka verk þrautþjálfaðra höfunda út á þessum tíma, glæpasögur Jónínu Leósdóttur koma út snemma á árinu. Við sjáum líka þekkta barnabókahöfunda nýta sér hækkandi sól til útgáfu, Gunnar Helgason, Ævar Benediktsson og Bergrún Íris Sævarsdóttir sendu til dæmis öll frá sér ný verk í vor. Krakkar eiga að lesa allt árið og vilja nýtt efni eins og við hin. Það er líka að koma út mjög fjölbreytt efni fyrir börn eins og til dæmis þrautabækur og teiknimyndasögur á íslensku. Mikið hefur verið talað um að það vanti lesefni fyrir stráka en mér finnst útgefendur hægt og rólega vera að svara kallinu.“

### Rómantískt söguval

Spurð hvort hlutur þýddra glæpasagna í vor- og sumarútgáfu sé áberandi mikill segir Bryndís: „Áður einokuðu þýddar glæpasögur markaðinn. Í kjölfar hrunsins kom út mikið af prjónabókum og matreiðslubókum og þá hafði maður á tilfinningunni að fólk notaði sumarfríið fyrst og fremst til að prjóna og elda. Núna er útgáfan verulega fjölbreytt og mér sýnist að glæpasögur nái ekki einu sinni helmingi útgefinna skáldsagna yfir sumartímann. Það er veruleg breyting.“ Hún segir þýddar glæpasögur þó enn seljast mest. „Það sést á metsölulistum að þær eiga yfirleitt fyrsta til þriðja sætið, það er helst að þeim sé nú ógnað af notalegum ástarsögum sem hafa verið að sækja í sig veðrið. Við erum að verða svolítið rómantískari í söguvali.“



Bryndís með stafla af íslenskum verkum sem hafa komið út á síðustu vikum og mánuðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

### Eins og að vinna í ríkinu

Bryndís hefur unnið í bókabransanum í áratugi og hefur séð miklar breytingar á þeim tíma. „Ég byrjaði að vinna í bókabúð fyrir 30 árum, að vinna þar á öðrum árstíma en fyrir jól var eins og að vinna í ríkinu vegna þess að þá var aldrei nein bóksala að ráði nema á fimmtudögum og föstudögum. Þá var maður allan daginn að pakka inn ritsöfnum og stórbókum sem ætlaðar voru til gjafa. Núna er salan mun jafnari, fleiri kaupa bækur fyrir sjálfa sig og ekki er lengur gerð sú krafa að gjafabækur vegi á við hálfan dilksskrokk, vafðar inn í glært sellófon og skreyttar stórum plastslaufum. Bókaunnendur í dag mæta með ögrandi ljóðabók eða nýja kilju í veislur og matarboð og margir fábiðja sér frekari innpökkun.“

## Hamfaradagar

**BÆKUR**

**Urðarmáni**
★★★½☆
**Ari Jóhannesson**

**Útgefandi:** Mál og menning
**Fjöldi síðna:** 212

Spánska veikin var ein skelfilegasta farsótt sem gengið hefur yfir landið, ekki hvað síst fyrir það að hún lagðist þyngst á ungt fólk og fólk á besta aldri, þá sem báru uppi samfélagið bæði hvað varðar atvinnulíf og umönnun. Urðarmáni gerist á haustmánuðum 1918 þegar spánska veikin bættist eins og djöflakrydd ofan á eldgos með tilheyrandi öskufalli og nístandi ískulda sem þegar réðu lögum og lofum í Reykjavík og álagið á samfélagið var gríðarlegt, ekki síst á heilbrigðisstarfsfólk. Höfundur bókarinnar Urðarmáni er læknir og sækir efniviðinn í heimildir um þetta tímabil sögunnar og greinilegt á bókinni að hann hefur bæði áhuga og ástríðu fyrir því. Sagan hefst um það leyti sem spánska veikin kemur til landsins og fylgir nokkrum persónum, bæði raunverulegum og ímynduðum af höfundarins hendi gegnum þessa hamfaratíma. Rammi hennar er frásögn læknis í nútímanum eða mjög náinni framtíð sem talar til nemenda sinna



þegar skæð inflúensa sem svipar óhugnanlega til þeirrar fyrir rúmum hundrað árum, berst hingað með ferðamönnum og útlit er jafnvel fyrir að eitthvað af sögunni endurtaki sig.

Urðarmáni er mjög fallega og vel skrifuð bók og tekst höfundi bæði að viðhalda spennu og draga upp skýra og trúverðuga mynd af Reykjavík frostavetrarins 1918. Persónurnar eru einnig trúverðugar, hvort sem um er að ræða landlækni sem liggur undir ámæli fyrir að bregðast ekki rétt við þeim vágesti sem vitað var að myndi berja að dyrum og leitar krafta í vafasamar veitur, unga grasakonu sem þráir að verða ljósmóðir eða landsþekktan rithöfund sem leitast við að færa ástandið í orð. Lýsingar eru myndrænar og oft auðvelt að sjá fyrir sér hvernig bókin gæti litið út sem skjáverk, annaðhvort í sjónvarpi eða kvikmynd. Fyrst og fremst er þó lesnautn að stílnum sem er bæði meitlaður og háfleygur á köflum en þó læsilegur og aðgengilegur og dregur lesandann að bókinni og efninu. Þó söguefnið sé sótt í raunverulega atburði og fyrirmyndir sóttar í persónur sem voru þátttakendur í þeim er Urðarmáni þó skáldsaga fyrst og fremst enda dregur höfundur enga dul á það og tekur fram í formála.




Þessi saga á hiklaust erindi við íslenska lesendur í dag, bæði vegna skemmtanagildis og af sagnfræðilegum og fagurfræðilegum ástæðum.

**Brynhildur Björnsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Áhugaverð og spennandi saga um aldargamla hamfaradaga.



# Myndlistarsýning á Brúnum

Sigríður Huld Ingvarsdóttir myndlistarkona opnaði nýlega sýningu á Brúnum í Eyjafjarðarsveit. Á sýningunni eru meðal annars olíumálverk af sauðkindum, teikningar af hestum og vatnslitaverk af fuglum.

Sigríður er fædd og uppalin í Bárðardal í Suður-Þingeyjarsýslu og sækir innblástur úr sveitinni og gæruskinn, hestar, kindur, fuglar og náttúran leika stórt hlutverk í verkunum. Hún útskrifaðist úr fagurlistadeild Myndlistaskólans á Akureyri 2011 og flutti árið eftir til Svíþjóðar til að stunda nám við SARA, The Swedish Academy of Art. Hún útskrifaðist þaðan vorið 2015 og hefur síðan búið og starfað í Uppsölum í Svíþjóð. Hún hefur haldið einkasýningar bæði á Íslandi og í Svíþjóð og tekið þátt í fjölda samsýninga. Sýningin stendur til 18. september.

# Sagnfræði á toppnum




Venjulega trónir glæpasaga í efsta sæti metsölulista Eymundsson. Listi síðustu viku er óvenjulegur að því leyti að í efsta sæti listans er Sapiens eftir Yuval Noah Harari í þýðingu Magneu J. Matthíasdóttur. Strax við útkomu rauk bókin í fyrsta sæti listans.

